



Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2007

ÁRSSKÝRSLA 2007

Efnisyfirlit

- 3 I *Markmið og stefna Seðlabanka Íslands*
- 7 II *Stefnan í peningamálum og framvinda efnahagsmála*
- 11 III *Fjármálakerfið*
- 19 IV *Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands*
- 33 V *Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið*
- 39 *Ársreikningur 2007*
- Viðaukar*
- 55 *Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2007*
- 56 *Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2007*
- 57 *Töflur*



Bankastjórn Seðlabanka Íslands.

Frá vinstri: Ingimundur Friðriksson, Davíð Oddsson formaður og Eiríkur Guðnason.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbref: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókband: Gutenberg

Reykjavík 2008

ISSN 1670-522X

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

I Markmið og stefna Seðlabanka Íslands

Meginmarkmið stjórnar peningamála er stöðugleiki í verðlagsmálum. Í lögum um Seðlabanka Íslands (nr. 36/2001) er kveðið svo á að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 var bankanum sett verðbólgu-markmið, þ.e. að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, yrði að jafnaði sem næst 2½%.¹ Í lögum er jafnframt tekið fram að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Bankinn skal m.ö.o. sinna viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika. Í lögum eru jafnframt ákvæði um reikningsskil og gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankans almennt.

Peningastefna

Til grundvallar við framkvæmd stefnunnar í peningamálum leggur Seðlabankinn verðbólguþá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans *Peningamálum* sem gefið er út þrisvar á ári. Auk þess birtir bankinn eigin þjóðhagsspá og ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu verðbólgu-spárinnar.

Til ársloka 2005 hafði Seðlabankinn ekki fyrirfram ákveðna vaxtaákvörðunardaga að öðru leyti en því að við útgáfu *Peningamála* sem þá var fjórum sinnum á ári var gerð ítarleg grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar hvort sem vöxtum var breytt eður ei. Á árinu 2006 voru teknir upp fyrirfram ákveðnir vaxtaákvörðunardagar. Í upphafi var tilkynnt að þeir yrðu sex, þ.m.t. þrjú útgáfudagar *Peningamála*, og að bankastjórn gæti breytt stýrivöxtum á milli vaxtaákvörðunardaga teldi hún tilefni til þess. Á árinu 2006 var bætt við tveimur vaxtaákvörðunardögum þannig að þeir urðu átta á því ári. Tilkynnt var um hvorn viðbótardaganna á næsta vaxtaákvörðunardegi á undan. Síðla árs tilkynnti bankastjórn sex vaxtaákvörðunardaga á árinu 2007. Áfram gildi að bankastjórn gæti bætt við vaxtaákvörðunardögum teldi hún tilefni til. Einum ákvörðunardegi var bætt við 2007, þ.e. 20. desember, og var tilkynnt um hann á næsta vaxtaákvörðunardegi á undan. Ákvörðunardagarnir urðu því sjö á því ári. Síðla árs 2007 tilkynnti bankastjórn sex ákvörðunardaga 2008. Áfram gildir að bankastjórn getur bætt við ákvörðunardögum telji hún tilefni til. Í samræmi við ákvæði laga um bankann hefur bankastjórn sett reglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum.²

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

2. Reglurnar eru birtar á heimasíðu bankans.

Meginstjórn tæki bankans eru stýrivextir hans, þ.e. vextir í lausafjárþyringreiðslu hans við lánastofnanir sem fram fer með lánum gegn veði. Vikuleg útboð eru haldin á veðlánnum sem veitt eru til einnar viku í senn.

Seðlabankinn leggur bindiskyldu á lánastofnanir, 2% af skilgreindum skuldbindingum með líftíma tvö ár eða skemmri.

Fjármálastöðugleiki

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða og birtir reglulega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika. Þar er ítarlega fjallað um þjóðhagslegar vísbendingar um fjármálastöðugleika jafnt sem rekstrarvísbendingar. Til ársins 2004 birti bankinn greiningu sína tvisvar á ári í ársfjórðungsritinu *Peningamálum*. Á árinu 2005 hóf bankinn útgáfu sérstaks rits, *Fjármálastöðugleika*, sem gefið er út einu sinni á ári.

Með vísan til heimildar í lögum um Seðlabankann hefur hann sett reglur um lágmark lausafjár sem lánastofnunum ber ætíð að hafa yfir að ráða og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Á árinu 2006 gerði bankastjórn sérstaka samþykkt um viðfangsefni bankans á sviði fjármálastöðugleika.³

Í lögnum er Seðlabankanum veitt heimild þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna að veita lánastofnunum í lausafjáranda ábyrgðir eða önnur lán en þau sem falla undir regluleg viðskipti. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með því að þróa innlend greiðslu- og uppgjörskerfi í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur. Um viðfangsefni sem varða fjármálastöðugleika á Seðlabankinn samstarf við Fjármálaeftirlitið á grundvelli samstarfssamnings sem gerður er með hliðsjón af ákvæðum laga um Seðlabankann og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.⁴ Á árinu 2006 var einnig gert samkomulag á milli forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað.⁵

Önnur viðfangsefni

Samkvæmt lögum hefur Seðlabankinn einkarétt á að gefa út peningaseðla og mynt. Bankinn varðveitir gjaldeyrisforða þjóðarinnar og sér um ávöxtun hans. Bankinn annast samskipti og viðskipti við erlendar og alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu og fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins.

Reikningsskil og gagnsæi

Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn eigi sjaldnar en ársfjórðungslega gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrisamála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þá skal Seðlabankinn gefa út ársskýrslu þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni.⁶ Seðlabankinn leitast við að

3. Samþykktin er birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Sjá einnig umfjöllun í kafla IV.

4. Samningurinn er birtur á heimasíðu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

5. Samkomulagið er birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Nánari umfjöllun í kafla IV.

6. Ritaskrá bankans fyrir árið 2007 er birt í viðauka.

gera eins rækilega grein fyrir starfsemi sinni og kostur er. Þar með eru taldar forsendur ákvarðana hans í peningamálum, mat hans á fjármálastöðugleika og margt það sem lýtur að starfsemi bankans að öðru leyti. Gagnsæi og reikningsskil eru einnig tryggð með því að skilgreina svokölluð þolmörk verðbólguþröskuldráttar. Í þeim felst að víki verðbólga meira en 1½ prósentu frá verðbólguþröskuldráttar ber bankanum að senda ríkisstjórninni greinargerð þar sem skýrt er hverjar ástæður fráviksins eru, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma það muni taka að ná þröskuldráttar. Greinargerðin skal birt opinberlega.

II Stefnan í peningamálum og framvinda efnahagsmála

Eins og undanfarin ár var meginviðfangsefni peningastefnunnar á árinu 2007 að glíma við verðbólgu, sem hefur verið umtalsvert yfir markmiði allt frá árinu 2004.¹ Raunstýrivextir voru nálægt sögulegu hámarki og í nóvember hækkaði Seðlabankinn stýrivexti um 0,45 prósentur í 13,75%.² Undirliggjandi verðbólga á árinu var u.þ.b. 7½%, en vegna áhrifa lækkunar neysluskatta mældist hækkun vísitölu neysluverðs aðeins 5,9% yfir árið. Verðbólgan ber vott um að mikið ójafnvægi var enn til staðar í þjóðarbúskapnum. Áætlað er að framleiðsla hafi verið mun meiri en framleiðslugeta³ og spenna á vinnumarkaði jókst. Viðskiptahalli minnkaði, en var enn mikill. Eftir lægð á seinni helmingi ársins 2006 og í byrjun árs 2007, í kjölfar gengislækkunar krónunnar fyrr á árinu 2006, jókst vöxtur eftirspurnar á ný um miðbik ársins og verðbólga í kjölfarið. Á hinn bóginn versnuðu fjármálaleg skilyrði verulega á síðari hluta ársins, bæði vegna þróunar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og virkari miðlunar stýrivaxta yfir á lengri enda skuldabréfamarkaðarins og útlánavexti. Ákvörðun Seðlabankans um að auka gagnsæi í framkvæmd peningastefnunnar með því að birta eigin spá um stýrivexti átti líklega verulegan hlut í að auka virkni hennar.

Hækkun húsnæðisverðs skýrir aukna verðbólgu að miklu leyti

Verðbólga á árinu 2007 var 5% að meðaltali. Að frátöldum áhrifum skattabreytinga og annarra tímabundinna þátta, sem eðlilegt var að horfa framhjá við ákvarðanir í peningamálum, var verðbólga tæplega 7% að meðaltali. Hún hjaðnaði á fyrri hluta ársins og fram í ágúst, þegar tólf mánaða hækkun neysluverðs mældist 3,4%. Hjöðnunin stafaði að miklu leyti af áhrifum lægri neysluskatta. Á síðari helmingi ársins jókst verðbólga hins vegar á ný og mældist 5,9% frá upphafi til loka ársins. Skýrist það einkum af auknum vexti eftirspurnar, sem birtist í örum vexti launakostnaðar og hækkun húsnæðisverðs. Hækkun húsnæðiskostnaðar skýrir að miklu leyti aukna verðbólgu.

Húsnæðismarkaðurinn tók að kólna undir lok ársins


Ein ástæða þess að erfiðlega hefur gengið að hemja verðbólgu undanfarin ár er að áhrif vaxtahækkana Seðlabankans hafa ekki komið fram af fullum þunga á fasteignaveðlánamarkaði. Vextir íbúðalánasjóðs fylgdu lengi vel ekki að fullu vaxtabreytingum á markaði. Í apríl voru lánshlutföll og lánsfjárhæðir íbúðalánasjóðs ennfremur hækkuð. Hvort tveggja átti líklega þátt í því að fasteignaverð hækkaði hratt á vormánuðum og fram á haust. Heimilunum tókst einnig að nokkru leyti að víkja sér undan hærri vöxtum verðtryggðra lána með aukinni lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Undir lok ársins gætti

1. Ítarleg grein er gerð fyrir framvindu efnahagsmála og framkvæmd peningastefnunnar í ársþróungsriti bankans, *Peningamálum*.
2. Stýrivextir Seðlabankans eru frá og með júní 2007 settir fram sem nafnvextir í stað ávöxtunar áður.
3. Framleiðslugeta (potential output) er sú framleiðsla sem samrýmist stöðugu verðlagi þegar lítið er til lengri tíma.

Mynd II-1

Stýrivextir seðlabanka

Daglegar tölur 1. janúar 1998 - 27. desember 2007




1. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001.
2. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og HFF150914.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Undirlíðir verðbólgu

Áhrif á þróun vísitölu neysluverðs 2004 - 2007




Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd II-3

Verðtryggðir vextir íbúðalána


Lægstu vextir íbúðalána



Heimildir: Íbúðalánasjóður, Seðlabanki Íslands.


Mynd II-4
Laun og kaupmáttur 1995 - 2007

Launavísitala Hagstofu




Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd II-5
Landsframléiðsla
Framlag einstakra liða til hagvaxtar



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd II-6
Undirþættir viðskiptajafnaðar
Rekstrarframlög talin með þáttatekjum



Heimild: Seðlabanki Íslands.

hækkunar útlánsvaxta hins vegar greinilega í minnkandi umsvifum og húsnæðisverð hætti að hækka.

Ör vöxtur ráðstöfunartekna meginuppspretta aukinnar eftirspurnar

Eftir langvarandi umframeftirspurn um margra ára skeið jókst vinnu-
aflsskortur og launaskrið enn á árinu 2007, þrátt fyrir að eftirspurn
eftir vinnuafli hafi í vaxandi mæli verið mætt með innflutningi erlends
vinnuafis. Ásamt skattalækkunum hafði ör hækkun launa í för með
sér fádæma mikinn vöxt ráðstöfunartekna sem kynti undir vexti eftir-
spurnar á árinu 2007. Eftir lögð í ársbyrjun sótti einkaneysla í sig veðrið
er liða tók á árið og var gríðarleg seinni helming þess. Þótt drægi úr
fjárfestingu í ál- og orkuverum fyllti önnur fjárfesting að miklu leyti
í skarðið. Mikill kraftur var því í almennri atvinnuvegafjárfestingu á
árinu, ekki síst fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Mikill viðskiptahalli

Verulega dró úr viðskiptahalla á árinu 2007 frá fyrra ári. Umskiptin
voru þó minni en virðist við fyrstu sýn. Meginhluta samdráttarins má
rekja til þróunar óreglulegra liða, eins og viðskipta með skip og flug-
vélar og sveiflunenndrar ávöxtunar erlendra hlutfjáreignar, sem ýktu
niðurstöður árið 2006 en drógu úr mældum halla árið 2007. Þrátt fyrir
að útlit sé fyrir að viðskiptahalli á árinu hafi verið mun minni en árið
2006 er einsýnt að hann var langt frá því að vera sjálfbær. Sviptingar
á alþjóðlegum fjármálamörkuðum höfðu sem fyrr sterk áhrif á gengi
krónunnar, sem sveiflaðist verulega á árinu. Í lok ársins var vegið gengi
krónunnar svipað og í byrjun þess.

Birting stýrivaxtaferils hafði áhrif á væntingar

Til að bæta framsetningu peningastefnunnar hóf Seðlabankinn í mars
2007 að birta stýrivaxtaferil sem sérfræðingar bankans telja samrým-
ast því að verðbólguþátturinn verði náð innan viðunandi tíma.
Ferillinn felur ekki í sér yfirlýsingu eða fyrirheit bankastjórnar um
þróun stýrivaxta en er þýðingarmikil vísbending um hverjir stýrivextir-
irnir þurfa að vera miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar til þess að
verðbólguþátturinn náist á spátímanum. Birting stýrivaxtaferilsins
virðist hafa greitt fyrir miðlun peningastefnunnar um vaxtarófið. Eftir
breytinguna virtust væntingar markaðsaðila og annarra um þróun
stýrivaxta betur samrýmast skilaboðum Seðlabankans en áður.

Miðlun peningastefnunnar greiðari

Eftir snarpa hækkun stýrivaxta á árinu 2006 voru raunstýrivextir orðnir
afar háir í ársbyrjun. Minni verðbólga framan af ári 2007 hafði í för
með sér töluverða hækkun raunstýrivaxta miðað við liðna verðbólgu,
sem gekk til baka þegar verðbólga jókst á síðari helmingi ársins. Miðað
við verðbólguálag ríkisbréfa voru raunstýrivextir svipaðir í upphafi og
lok árs. Birting Seðlabankans á eigin stýrivaxtaferli virðist sem fyrr segir
hafa greitt verulega fyrir miðlun stýrivaxta um vaxtarófið. Vextir verð-
tryggðra langtímaskuldabréfa, sem lengi höfðu ekki orðið fyrir miklum
áhrifum frá auknu peningalegu aðhaldi, hækkuðu skarpt á síðari helm-
ingi ársins. Versnandi skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum áttu
þar þó einnig hlut að máli.

Vextir á millibankamarkaði í takti við vexti Seðlabankans

Vextir á millibankamarkaði lágu nær grunnvöxtum Seðlabankans á árinu 2007 en oft áður. Nokkrir hnökur höfðu verið á miðlun peningastefnunnar á skemmsta enda vaxtarófsins seinni hluta ársins 2006 og fram í febrúar 2007 en í kjölfar þess að fjölgað var veðhæfum bréfum í viðskiptum við Seðlabankann starfaði markaðurinn eðlilega. Þó hækkuðu vextir nokkuð um tíma í ágúst þegar óróinn á alþjóðlegum fjármálamarkaði stóð sem hæst en urðu þó aldrei hærri en daglánavextir Seðlabankans.

Útgáfa skuldabréfa í krónum á alþjóðlegum markaði hefur haft í för með sér að velta á innlendum fjármálamörkuðum hefur aukist til muna og styrkt verðmyndun. Velta á innlendum gjaldeyrismarkaði jókst um rúmlega fimmting á árinu 2007 frá fyrra ári og velta á krónumarkaði jókst um tæplega 13% en hefur fjórfaldast frá árinu 2004.

Fjármálaleg skilyrði versnuðu á seinni hluta ársins


Á seinni helmingi ársins urðu miklar sveiflur á fjármálamörkuðum heimsins, sem Ísland fór ekki varhluta af. Gengi krónunnar veiktist og lánskjör innlendra fjármálfyrirtækja erlendis versnuðu. Ásamt hækkun stýrivaxta í nóvember hafði það töluverð áhrif til hækkunar innlendra vaxta og framboð lánsfjár dróst saman. Lækkun hlutabréfaverðs á haustmánuðum fól einnig í sér aukinn fjármagnskostnað fyrirtækja. Undir lok ársins stóð Seðlabankinn því frammi fyrir því vandasama verkefni að vega og meta viðbrögð við vaxandi eftirspurn og verðbólgu annars vegar og ört versnandi fjármálaskilyrðum hins vegar, sem sýnt er að munu draga úr vexti og verðbólgu að því tilskildu að gengi krónunnar lækki ekki umfram það sem reiknað var með í spám.

Tafla II-1. Stýrivaxtabreytingar Seðlabanka Íslands 2007

Ákvörðunardagur	Breyting
8. febrúar	Óbreyttir
29. mars	Óbreyttir
16. maí	Óbreyttir
5. júlí	Óbreyttir
6. september	Óbreyttir
1. nóvember	+ 0,45 prósentur
20. desember	Óbreyttir


Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-7
Stýrivextir og framvirkir vextir



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd II-8
Meðalgengi og raungengi krónu 2002-2007
Mánaðarleg meðaltöl



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-9
Vextir á krónumarkaði og stýrivextir
Seðlabankans

Daglegar tölur 3. janúar 2006 - 31. desember 2007



Heimild: Seðlabanki Íslands.

III Fjármálakerfið

Fjármálafyrirtæki

Seðlabankinn stuðlar að virku og öruggu fjármálakerfi

Með vísan til þess lögbundna hlutverks að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd, leggur Seðlabanki Íslands áherslu á að meta hættu á lausafjáranda fjármálafyrirtækja og uppgjörsvanda í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum sem geta haft kerfislegt mikilvægi. Jafnframt beitir hann sér fyrir úrbótum og jákvæðri þróun fjármálakerfisins. Bankinn hefur hliðsjón af alþjóðlegum samningum og öðrum viðmiðunum sem lúta að bestu framkvæmd svo og vinnu erlendra seðlabanka sem lengst hafa náð á þessu sviði. Seðlabankinn á náið samstarf við Fjármálaeftirlitið um viðfangsefni sem varða stöðugleika fjármálakerfisins á grundvelli samstarfssamnings sem stofnanirnar gera með sér.¹ Vegna þess að starfsemi einstakra norrænna banka teygir sig í vaxandi mæli yfir landamæri hafa norrænu seðlabankarnir gert með sér samkomulag um viðbrögð við fjármálaáfallum.

Almennt má segja að í hugtakinu fjármálastöðugleiki felist stöðugleiki mikilvægustu fjármálafyrirtækja og -markaða. Tvennt þarf til að svo sé, annars vegar að mikilvægustu fjármálafyrirtækin séu traust í þeim skilningi að yfirgnæfandi líkur séu á að þau geti staðið við skuldbindingar sínar án truflana eða utanaðkomandi aðstoðar, og hins vegar að mikilvægustu markaðir séu traustir þannig að markaðsaðilar geti átt viðskipti snurðulaust og á verði sem endurspeglar grundvallarmarkaðskrafta og breytist ekki verulega til skamms tíma án tilverknadár þeirra.

Greining á fjármálastöðugleika

Einu sinni á ári gefur Seðlabankinn út ritið *Fjármálastöðugleika*. Tilgangurinn er að stuðla að upplýstri umræðu, efla áhættustýringu og skýra hvernig bankinn vinnur að lögbundnum viðfangsefnum sínum á þessu sviði. Í *Fjármálastöðugleika* sem gefinn var út í apríl 2007 tilgreindi Seðlabankinn helstu áhættuþætti fjármálakerfisins og viðnámsþrótt þess. Bent var á ójafnvægið í þjóðarbúskapnum, viðskiptahalla, hækkun erlendra skulda og hugsanlega lækkun gengis krónunnar. Jafnframt var fjallað um áhættu tengda hækkun á vöxtum og vaxtaálagi erlendis og sagt að slíkt gæti haft víðtæk áhrif. Á hinn bóginn hafði á vormánuðum sl. árs dregið stórlega úr óvissu um aðgengi bankanna að fjármagni frá því sem var um tíma á árinu 2006 og þeir höfðu byggt upp rúma lausafjástöðu. Þannig beindist athyglin þá einkum að gæðum eigna bankanna. Þeir þættir sem stuðluðu að viðnámsþrótti fjármálakerfisins lutu einkum að sterkri stöðu bankanna sem birtist í rúmri lausafjástöðu og háum eiginfjárlutföllum. Þá stóðust íslensku bankarnir vel áhættuþróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn gerðu. Á heildina litið var það niðurstaða Seðlabankans

1. Samningurinn er birtur á heimasíðu Seðlabankans.

að fjármálakerfið væri í meginatriðum traust. Það væri fært um að standast hugsanleg áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, miðla lánsfé og greiðslum og dreifa áhættu með viðhlítandi hætti. Það var með öðrum orðum sagt fært um að sinna hlutverki sínu með skipulegum og skilvirkum hætti.

Afkoma stærstu viðskiptabanka var góð

Afkoma þriggja stærstu viðskiptabankanna var góð á árinu 2007. Vaxtatekjur þeirra héldu áfram að aukast vegna mikillar útlánaaukningar, þóknunartekjur voru miklar en gengishagnaður dróst verulega saman frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður bankanna jókst nokkuð en vanskil viðskiptamanna voru áfram í lágmarki. Á árinu 2007 var rúmlega helmingur tekna bankanna af starfsemi erlendis.

Eignir þriggja stærstu viðskiptabankanna námu um 11.354 ma.kr. í árslok 2007 og jukust um tæplega 3.000 ma.kr. á árinu eða um 34%. Stærsti eignaliður bankanna er útlán en útlán til viðskiptamanna erlendis námu í árslok um 59% af heildarútlánnum til viðskiptamanna. Umtalsverð aukning varð á innlánnum á sl. ári. Í árslok var svo komið að um helmingur útlána stærstu viðskiptabanka var fjármagnaður með innlánnum. Eiginfjárhluftöll bankanna lækkuðu frá fyrra ári og námu að meðaltali 11,6% í árslok 2007, en teljast þó vel viðunandi.

Lausafjárskortur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum

Vegna mikils vaxtar viðskiptabankanna á sl. árum hefur erlend markaðsfjármögnun þeirra aukist. Íslensku bankarnir eru því háðir greiðum

Tafla III-1. Lánshæfismat Moody's á íslensku viðskiptabönkunum í lok febrúar 2008

	Mat kynnt	Til langs tíma	Til skamms tíma	Fjárhagslegur styrkur
Kaupþing banki	Febrúar 2008	A1	P-1	C-
Glitnir banki	Febrúar 2008	A2	P-1	C-
Landsbanki Íslands	Febrúar 2008	A2	P-1	C-

Tafla III-2. Lánshæfismat Fitch á íslensku viðskiptabönkunum og Straumi-Burðarás Fjárfestingarbanka í árslok 2007

	Mat kynnt	Til langs tíma	Til skamms tíma	Óháð	Stuðningur
Kaupþing banki	Ágúst 2006	A	F1	B/C	2
Glitnir banki	Ágúst 2006	A	F1	B/C	2
Landsbanki Íslands	Febrúar 2006	A	F1	B/C	2
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki	Júní 2006	BBB-	F3	C/D	3

Tafla III-3. Lánshæfismat Standard & Poor's í árslok 2007

	Mat kynnt	Til langs tíma	Til skamms tíma
Glitnir banki	Júní 2006	A-	A2

aðgangi að erlendum fjármálamörkuðum. Á árinu 2007 jukust vanskil á bandarískum húsnæðislánum og í kjölfarið fór að gæta lausafjárskorts á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Íslensku bankarnir fundu fyrir minna framboði lánsfjár og álag á skuldatryggingum (e. CDS) þeirra hækkaði. Vegna umrótisins héldu bankarnir sig til hlés á fjármálamörkuðum síðari hluta ársins 2007 en juku innlán. Í lok ársins 2007 var lausafjárstaða bankanna samkvæmt reglum Seðlabankans góð og uppfyllti einnig þeirra eigin reglur.

Alþjóðleg fyrirtæki meta lánsþæfi stóru viðskiptabankanna þriggja, þ.e. Kaupþings banka, Glitnis banka og Landsbanka Íslands, auk þess að meta lánsþæfi Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka. Jafnframt hafa Ríkissjóður Íslands, Íbúðalánasjóður, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur alþjóðlegt lánsþæfismat. Lánsþæfiseinkunnir bankanna verða sífellt mikilvægari eftir því sem fjármögnun þeirra á markaði eykst.

Mikil viðskipti innlánsstofnana við erlenda aðila

Útlán innlánsstofnana héldu áfram að aukast á árinu 2007. Innlend útlán jukust um 31% og útlán til erlendra aðila jukust enn meira eða um 143%. Á árinu héldu innlán áfram að vaxa. Innstæður erlendra aðila í innlendum bönkum tæplega þrefölduðust og eru þá meðtalin útibú þeirra í öðrum löndum. Innlán innlendra aðila jukust einnig umtalsvert eða um 57%. Í árslok 2007 var tæplega helmingur útlána innlánsstofnana fjármagnaður með innlánunum frá viðskiptamönnum. Þrátt fyrir aukningu innlána er verðbréfaútgáfa sem fyrr mikilvægur hluti fjármögnunar innlánsstofnana. Meginhluti verðbréfaútgáfunnar er á erlendum markaði og í erlendri mynt.


Útlán annarra lánaþyrtaekja jukust um rúmlega 1% á árinu 2007.² Útlán Íbúðalánasjóðs, sem voru um 62% af útlánunum annarra lánaþyrtaekja í lok árs 2007, jukust um 14% á árinu. Verðbréfaútgáfa annarra lánaþyrtaekja jókst um 6% á árinu 2007 og að langstærstum hluta var um að ræða íbúðabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta starfar í tveimur deildum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, reglugerð nr. 120/2000, um sama efni, og samþykktir sem settar voru sjóðnum á stofnfundi hans 28. desember 1999. Samkvæmt lögum um sjóðinn skal heildareign innstæðueildar nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparissjóðum á næstliðnu ári. Á undanfönum árum hafa tryggðar innstæður vaxið og því hefur þurft að innheimta aukið fé í innstæðudeild. Ekki hefur komið til þess að grípa hafi þurft til tryggingarfjár innstæðueildar vegna greiðsluferfiðleika aðildarfyrirtækja. Heildareign verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs skal samkvæmt lögum um sjóðinn að lágmarki vera 100 m.kr. Skiptum á þrotabúi Burnham á Íslandi lauk

Mynd III-1

Úr ársreikningum stærstu viðskiptabanka 2001-2007¹




1. Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. Samstæðutölur.

Heimildir: Ársreikningar viðskiptabankanna og útreikningur Seðlabanka Íslands.

Mynd III-2

Útlán innlánsstofnana 2002-2007¹

12 mánaða hreyfingar



1. Móðurfélög innlánsstofnana.


Heimild: Seðlabanki Íslands.

2. Til annarra lánaþyrtaekja teljast Íbúðalánasjóður, fjárfestingarbankar, eignarleigur, greiðslukortafyrirtæki og fjárfestingarlánasjóðir. Taka verður tillit til þess að Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki fékk starfsleyfi sem viðskiptabanki í ágúst 2007 og er því ekki lengur talinn með hér.

Mynd III-3

Innlán innlánsstofnana 2004-2007¹

12 mánaða hreyfingar



1. Móðurfélög innlánsstofnana.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

í febrúar 2007. Verðbréfadeild sjóðsins varð fyrir nokkrum fjárútlátum vegna gjaldþrots félagsins en samtals voru 38,5 m.kr. greiddar. Áður hafði verið tekið tillit til rúmlega þeirrar upphæðar við útreikning á eigin fé verðbréfadeildar. Þar með lauk aðkomu Tryggingarsjóðs að málum þrotabús Burnham á Íslandi.

Greiðslu- og uppgjörskerfi

Greiðslukerfi hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í hagkerfinu. Á Íslandi eru starfrækt þrjú greiðslukerfi sem flokkast sem kerfislega mikilvæg, þ.e. stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands, jöfnunarkerfi Fjöl-greiðslumiðlunar hf. og Verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfasráningar Íslands (VS). Beinir þátttakendur í kerfunum eru, auk Seðlabanka, fjármálfyrirtæki sem sótt hafa um aðild og uppfylla sett skilyrði. Reiknistofa bankanna sinnir hugbúnaðarþjónustu og sér um hýsingu kerfanna en Seðlabankinn hefur milligöngu um uppgjör og annast eftirlit með greiðslumiðluninni.

Stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands

Stórgreiðslukerfið er greiðslukerfi sem gerir upp háar fjárhæðir á milli-bankamarkaði. Greiðslufyrirmæli þátttakenda 10 m.kr. eða hærri fara í gegnum kerfið. Kerfið er opið frá kl. 9 til 17 á bankadögum. Endanlegt uppgjör greiðslukerfa sem byggjast á nettunarfyrirkomulagi fer fram fyrir opnun eða eftir lokun kerfisins. Seðlabanki Íslands ber ábyrgð á rekstri stórgreiðslukerfisins og hefur auk þess með höndum yfirsýn með rekstri þess. Gerð er krafa um að kerfið standist samanburð við stórgreiðslukerfi í öðrum löndum og að það uppfylli kjarnareglurnar 10 frá BIS um kerfislega mikilvæg greiðslukerfi.


Velta í stórgreiðslukerfinu hefur verið vaxandi. Meðfylgjandi mynd sýnir mánaðarlega veltu í stórgreiðslukerfinu frá 2002 til loka árs 2007. Mánaðarleg heildarvelta (hér birt sem bæði inn- og útborganir) jókst úr um 9.076 ma.kr. í desember 2006 í 12.987 ma.kr. í desember 2007. Dagleg meðalvelta, reiknuð með sama hætti, jókst úr tæpum 567 ma.kr. í desember 2006 í tæpa 764 ma.kr. í desember 2007. Meðalvelta í mánuði árið 2007 (inn- og útborganir) voru tæpir 10.475 ma.kr. og meðalvelta á dag nam rúmum 511 ma.kr. árið 2007 sem er talsverður vöxtur frá fyrra ári þegar veltan var 404 ma.kr.

Þátttökufjöldi í stórgreiðslukerfinu hefur verið óbreyttur frá því að kerfið var tekið í notkun árið 2000. Í lok árs 2007 sóttu þrjú fjármála-fyrirtæki um aðild að stórgreiðslukerfinu og samþykkti bankastjórn umsóknirnar. Gert er ráð fyrir að þátttakendurnir verði komnir inn í kerfið fyrir mitt ár 2008. Við fjölgunina verða þátttakendur í stórgreiðslukerfinu samtals níu, að Seðlabanka meðtöldum.

Gjaldskrá stórgreiðslukerfisins var endurskoðuð í desember 2007 og tók gildi í ársbyrjun 2008. Engin breyting var gerð á aðgangs- og tengigjaldi og voru færslugjöld óbreytt á milli ára. Fyrirkomulagi árgjalda var hins vegar breytt. Teknir voru upp fjórir gjaldaflokkar í stað tveggja áður. Þetta var gert til að samræma gjaldskrá betur við notkun þátttakenda á kerfinu. Árgjöld þátttakenda liggja nú á bilinu 1,5 – 6 m.kr. en voru áður 3 – 4 m.kr. Jafnframt hefur nú verið tekið upp sérstakt gjald fyrir uppgjör annarra greiðslukerfa í stórgreiðslukerfinu. Gjaldið er 2 – 2,5 m.kr. á ári fyrir hvort greiðslukerfi og ákvarðast

Mynd III-4

Velta í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands.

m.a. af fjölda uppgjóra á dag. Notendur stórgreiðslukerfisins munu frá og með árinu 2008 standa undir öllum kostnaði við rekstur kerfisins og nauðsynlegar breytingar á því.

Um stórgreiðslukerfið gilda reglur Seðlabanka Íslands nr. 312/2007, en þær voru endurskoðaðar og gefnar út í apríl 2007.

Jöfnunarkerfi Fjörgreiðslumiðlunar (FGM)

Seðlabankinn hefur allt frá stofnun FGM tekið virkan þátt í þróun jöfnunarkerfisins. Unnið hefur verið að tæknilegri aðgreiningu jöfnunarkerfis frá stórgreiðslukerfi og FGM hefur ár frá ári tekist á hendur aukna ábyrgð á rekstri kerfisins. Gjaldskrá jöfnunarkerfisins var endurskoðuð í janúar 2007 með hækkun á færslugjaldi úr 2,45 kr. í 2,65 kr. Þá voru gildandi samningar um rekstur þess endurnýjaðir á árinu 2007 og gengið frá nýjum samningum milli allra þátttakenda og FGM sem eiganda og ábyrgðaraðila kerfisins. Sjálfvirkir heimildarlásar sambærilegir þeim sem eru í stórgreiðslukerfi Seðlabankans voru virkjaðir í jöfnunarkerfinu á árinu 2007. Uppgjör á jöfnuðum stöðum milli þátttakenda hefur frá því að jöfnunarkerfið var tekið í notkun farið fram kl. 17.00 á bankadögum, en á árinu 2007 var daglegum uppgjörum fjölgað og er kerfið nú jafnframt gert upp að morgni, þ.e. kl. 8.30 á bankadögum. Þá hefur upplýsingaöflun og úrvinnsla gagna úr jöfnunarkerfinu verið bætt. Um starfsemi jöfnunarkerfisins gilda reglur Seðlabanka Íslands nr. 313/2007, en þær voru endurskoðaðar í ársbyrjun 2007.

Verðbréfauppgjörskerfið


Íslenska verðbréfauppgjörskerfið er rekið á grundvelli samkomulags um samskipti Seðlabanka Íslands, VS og OMX Nordic. Kerfið nær til allra stofnanabátta uppgjörserlisins, þ.e. staðfestingar viðskipta, ákvörðunar réttinda og skyldna, uppgjör og vistunar. Uppgjör skuldbréfaviðskipta fer fram á forminu T+1, þ.e. viðskipti eru gerð upp að morgni næsta bankadags kl. 8.00, áður en stórgreiðslukerfið opnar fyrir dagleg viðskipti kl. 9.00. Á árinu 2007 var tekinn upp breyttur uppgjörstími hlutabréfaviðskipta til samræmis við það sem almennt tíðkast í nágrennaldum okkar. Hlutabréfaviðskipti eru nú gerð upp á forminu T+3, þ.e. uppgjör og afhending hlutabréfa fer fram þremur sólarhringum eftir samning um viðskipti.

Skráning og uppgjör verðbréfaviðskipta í evrum

Á árinu 2007 lýstu nokkur skráð íslensk félög á OMX áhuga á að breyta skráningu hlutafjár síns úr krónum í evrum. VS hóf jafnframt könnun á því með hvaða hætti unnt væri að koma við peningalegu uppgjóri slíkra viðskipta. Farið var m.a. yfir málið á fundum samráðsnefndar um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands í tengslum við frágang viðskipta.

Seðlabanka Íslands ber samkvæmt lögum nr. 36/2001 að stuðla að öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfum í landinu. Lög nr. 131/1997 gera ráð fyrir að peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta fari fram fyrir tilstuðlan Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands, eins og aðrir seðlabankar, gerir aðeins upp viðskipti sem fram fara í heimgjaldmiðli hans og endanlegt uppgjör allra greiðslufyrirmæla fer fram í gegnum stórgreiðslukerfi bankans. Af því leiðir að Seðlabanki Íslands

Mynd III-5
Meðalvelta á dag í stórgreiðslukerfi
Seðlabanka Íslands janúar 2003-december 2007
og uppgjörstryggingar



Heimild: Seðlabanki Íslands.


getur ekki með venjulegum hætti annast peningalegt uppgjör viðskipta í öðrum gjaldmiðli en sínum eigin. Á sama tíma kveða framangreind lög svo á að Seðlabanki Íslands skuli annast slíkt uppgjör. Möguleg leið til lausnar er að annar seðlabanki, sem hefur evrur sem heimagjaldmiðil, taki að sér peningalegt uppgjör viðskipta í evrum með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfaskráningu Íslands, svo fremi sem lög heimila aðkomu annars aðila en Seðlabanka Íslands í þeim tilvikum sem um viðskipti er að ræða í öðrum gjaldmiðli en krónu.

Undir lok árs 2007 ákvað viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem fara á yfir gildandi lagaákvæði og gera tillögu um breytingar, sem gera erlendum bönkum mögulegt að taka þátt í peningalegu uppgjöri viðskipta þegar um aðra gjaldmiðla er að ræða en krónu.

Uppgjörstryggingar

Uppgjörstryggingar eru mikilvægur þáttur í að treysta örugga og skilvirka starfsemi fjármálakerfisins ef til þess kemur að lánastofnun getur ekki efnt uppgjörsskuldbindingu sína í greiðslukerfum. Í byrjun árs 2007 námu uppgjörstryggingar allra lánastofnana í stórgreiðslukerfinu 24,6 ma.kr. og í jöfnunarkerfi FGM 5,9 ma.kr. eða samtals 30,5 ma.kr. Tryggingarfjárhæðir voru endurskoðaðar á árinu og námu í árslok alls 23,1 ma.kr. Þar af voru tryggingar í stórgreiðslukerfinu 18,6 ma.kr. og tryggingar í jöfnunarkerfinu 4,5 ma.kr. Heimildir í báðum greiðslukerfum eru að fullu tryggðar og bæði kerfin eru með innbyggða heimildarlása til að koma í veg fyrir að lánastofnun fari út fyrir veitta heimild. Mögulegt var að lækka tryggingarfjárhæðir á árinu 2007 vegna breytts fyrirkomulags við nettun í jöfnunarkerfinu og nýs búnaðar sem tekinn var í notkun í stórgreiðslukerfinu og auðveldar markvissa stýringu á greiðsluflæðinu innan dags. Með tilkomu nýrra þátttakenda í byrjun árs 2008 munu uppgjörstryggingar hækka á ný í 25,4 ma.kr. í stórgreiðslukerfinu og 5,0 ma. í jöfnunarkerfinu og verða samtals 30,4 ma.kr.

Mynd III-6
Velta debetkorta, kreditkorta og tékka
1999-2007



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Greiðslumiðlar

Reiðufé í umferð

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabankans námu um 15,7 ma.kr. í árslok 2007 og jukust um 1,2 ma.kr. á árinu. Þessi aukning er athyglisverð í ljósi aukinnar notkunar annarra greiðslumiðla. Í maí 2006 kynnti Seðlabankinn innköllun 10, 50 og 100 króna seðla. Seðlabankanum er skylt að innleysa þessa seðla í a.m.k. 24 mánuði eftir að auglýsing um innköllun var birt. Í lok ársins 2007 var skuld Seðlabankans vegna þessara seðla jöfnuð út með tekjufærslu upp á um 118 m.kr.

Seðlabankinn leggur áherslu á að viðhalda trúverðugleika íslenskra peninga, m.a. með öryggisþáttum í seðlum og reglulegri greiningu. Í greiningunni felst m.a. að seðlar eru taldir, leitað er að fölsunum og seðlar flokkaðir í nothæfa og ónothæfa. Nothæfir seðlar eru settir aftur í umferð og þeim ónothæfu er eytt. Á árinu 2007 bárust seðlagreiningardeild bankans um 13,3 milljónir seðla frá bönkum og sparisjóðum sem innlagnir og eyddi deildin um 5,8 milljónum seðla.


Velta greiðslukorta eykst enn

Velta kreditkorta jókst enn á milli ára en samdráttur varð í veltu tékka. Velta kreditkorta árið 2007 jókst um 43 ma.kr. eða 17,9% frá fyrra ári og varð 282 ma.kr. Aukningin innanlands var 36 ma.kr. og erlendis rúmlega 7 ma.kr. Velta debetkorta jókst úr 418 ma.kr. 2006 í 432 ma.kr. 2007, en það er aukning um 3,2%. Tékkavelta dróst saman um 22,7% milli ára og nam 162 ma.kr. 2007.

Debetkortafærslum innanlands fjölgaði lítillega milli ára eða um 2,5 milljónir en færslum kreditkorta um 3,5 milljónir eða 8,8%. Tékkafærslum fækkaði um 30,2% frá fyrra ári.

Mynd III-7

Fjöldi færslna debetkorta, kreditkorta og tékka 1999-2007



Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands

Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé m.a. að varðveita gjaldeyrisforða. Bankastjórn setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Til gjaldeyrisforðans teljast eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, innstæður í peningamarkaðssjóðum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrisjóðnum í reikningseiningunni SDR.

Starfsreglur bankastjórnar setja fjárfestingarstefnu ramma. Heimilt er að festa fé á reikningum í erlendum bönkum, í peningamarkaðssjóðum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölþjóðastofnanir og fjármálastofnanir. Lánshæfiseinkunn langtímabréfa skal vera að lágmarki A+ (Moody's) eða A1 (S&P og Fitch). Skammtíma-bréf skulu hafa að lágmarki lánshæfiseinkunnina A-1/P-1/F-1 frá sömu aðilum. Sömu lánshæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans. Samkvæmt starfsreglum bankastjórnar er þorri forðans bundinn í skuldabréfum með lengri líftíma en eitt ár en hluti hans skal vera á óbundnum bankareikningum. Meðalbínditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam rúmlega 63.700 únsum í lok ársins 2007. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og heimilt er að leigja það út gegn tekjum í gulli.

Seðlabanki Íslands hefur gert samninga um fyrirvaralausan aðgang að lánum við erlenda banka. Bankinn getur notað þessa samninga til að styrkja gjaldeyrisforðann þegar þörf krefur. Í árslok 2007 námu samningsbundnar lánsheimildir bankans um 4,7 milljörðum króna.

Gjaldeyrisforði bankans lækkaði um 5 ma.kr. á árinu 2007 og nam 163 ma.kr. í lok ársins. Lækkun forðans má rekja til styrkingar krónunnar. Til samans námu forðinn og samningsbundnir lánamöguleikar um 169,4 ma.kr. Bankinn hefur einnig ósamningsbundinn aðgang að lánsfé hjá fjölmörgum erlendum fjármálastofnunum.

Með gjaldeyrisjöfnuði er átt við gengisbundnar eignir Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum. Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að gjaldeyrisáhætta sé sem minnst í gjaldeyrisjöfnuði. Samsetning gjaldmiðla í gjaldeyrisjöfnuði Seðlabanka Íslands er endurskoðuð reglulega og staðfest í starfsreglum bankastjórnar. Við ákvörðun um vægi gjaldmiðla í forðanum er notast við reiknilíkan sem miðar að því að lágmarka sveiflur í erlendu virði gjaldeyrisforðans en hann samanstendur af þeim fjórum gjaldmiðlum sem vega þyngst í utanríkisviðskiptum Íslendinga. Samkvæmt starfsreglum bankastjórnar var vægi gjaldmiðla í gjaldeyrisjöfnuði á árinu 2007 þannig: Bandaríkjadalur 35%, evra 45%, sterlingspund 15% og japanskt jen 5%.

Tafla IV-1. Ávöxtun verðbréfa, skuldabréfasafna og bundinna innlána, og binditími í árum

<i>Bandaríkjadalir</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Vaxtatekjur	3,89%	3,74%	3,84%	4,06%	4,34%
Verðhagnaður/-tap	-0,62%	-1,99%	-2,35%	0,01%	2,74%
Ávöxtun verðbréfa	3,27%	1,75%	1,49%	4,07%	7,08%
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,88	2,64	2,33	2,09	2,4
Áv. MSCI 1-3 ára vísit. ¹	1,90%	0,91%	1,66%	3,95%	7,34%
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,80	1,65	1,69	1,70	1,66
Áv. MSCI 3-5 ára vísit. ¹	2,50%	2,12%	0,86%	3,50%	9,83%
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,80	3,66	3,52	3,52	3,62
Áv. bundinna innlána	1,07%	1,37%	3,16%	4,93%	5,09%
LIBOR (ársmeðaltal)	1,20%	1,48%	3,30%	4,98%	5,64%
<i>Evrur (EUR)²</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Vaxtatekjur	3,95%	3,59%	3,33%	3,67%	4,27%
Verðhagnaður/-tap	-0,19%	1,75%	-0,46%	-2,55%	-1,84%
Ávöxtun verðbréfa	3,76%	5,34%	2,87%	1,12%	2,42%
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,26	3,31	2,8	3,52	2,96
Áv. MSCI 1-3 ára vísit. ¹	3,19%	3,21%	2,16%	1,80%	3,83%
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,63	1,61	1,73	1,81	1,70
Áv. MSCI 3-5 ára vísit. ¹	3,68%	5,62%	2,91%	0,62%	3,37%
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,42	3,47	3,5	3,56	3,56
Áv. bundinna innlána	2,35%	2,02%	2,08%	2,82%	3,86%
LIBOR (ársmeðaltal)	2,36%	2,07%	2,12%	2,83%	3,89%
<i>Pund</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Vaxtatekjur	5,76%	5,58%	5,50%	5,01%	5,51%
Verðhagnaður/-tap	-1,79%	0,09%	0,15%	-2,86%	0,68%
Ávöxtun verðbréfa	3,97%	5,67%	5,65%	2,15%	6,18%
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,78	3,31	2,95	2,22	2,23
Áv. MSCI 1-3 ára vísit. ¹	3,35%	4,66%	4,90%	3,07%	7,48%
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,10	2,05	1,51	1,79	1,75
Áv. MSCI 3-5 ára vísit. ¹	2,83%	5,15%	5,62%	1,48%	7,54%
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,47	3,53	3,36	3,38	3,42
Áv. bundinna innlána	3,52%	4,31%	4,66%	4,70%	5,58%
LIBOR (ársmeðaltal)	3,63%	4,42%	4,71%	4,65%	5,16%

1. Vísitöluávöxtun 2007 er samkvæmt Bloomberg/EFFAS-rikisskuldabréfávísitölunni sem er sambærileg MSCI-vísitölunni sem hefur ekki verið uppfærð síðan í sumar.

2. Hér eru evruforði 1 og 2 veginn saman.

Ávöxtun einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforða

Fram til ársins 2005 notaði Seðlabankinn skuldabréfávísitölu MSCI til samanburðar við ávöxtun verðbréfa í gjaldeyrisforða. MSCI-vísitölurnar eru ríkisbréfávísitölur með mismunandi líftíma. Í bankastjórnarsamþykkt Seðlabanka Íslands nr. 1019 frá 2004 var samþykkt fjárfestingastefna þar sem gert er ráð fyrir að í verðbréfasafni Seðlabankans séu ekki eingöngu erlend ríkisskuldabréf heldur einnig skuldabréf sveitarfélaga, fjölbjóðastofnana, ríkisstofnana og fjármálafyrirtækja. Því eru MSCI-vísitölurnar vart samanburðarhæfar fyrir ávöxtun og áhættu verðbréfa í gjaldeyrisforða. Fjárfestingarbankinn Lehman Brothers var fenginn til að hanna vísitölur fyrir skuldabréfasjóði Seðlabanka Íslands í samræmi við bankastjórnarsamþykkt nr. 1019. Í töflu IV-1 má sjá samanburð

skuldabréfasafns Seðlabankans og MSCI-vísitalna en í töflu IV-2 er samanburður skuldabréfasafnsins og vísitalna Lehman Brothers.

Þeirri aukningu sem varð á gjaldeyrisforða Seðlabankans í lok árs 2006 vegna útgáfu skuldabréfs ríkissjóðs var fjárfest með það að markmiði að eyða gjaldeyrisáhættu, lágmarka vaxtaáhættu og takmarka eins og kostur var endurfjármögnunaráhættu. Einnig var haft að leiðarljósi að lágmarka kostnað af útgáfunni, þ.e. reynt var að byggja upp sjóð sem bæri a.m.k. ekki lægri vexti en skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs. Til þess að mögulegt væri að ná ofangreindum markmiðum reyndist nauðsynlegt að auka vægi annarra útgefenda en erlendra ríkissjóða í gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Árið 2007 var ár mikilla breytinga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Frá 2002 til byrjun árs 2007 hafði vart birst frétt sem hafði neikvæð áhrif á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Snemma árs 2007 varð þar breyting á þegar neikvæðar fréttir fóru að berast af bandarískum húsnæðislánamarkaði og þá sérstaklega af svokölluðum undir-málslánum (e. subordinated loans). Þróun á bandarískum húsnæðislánamarkaði leiddi til stórauðinna afskrifta útlána og eigna hjá mörgum af stærstu bankastofnunum heimsins. Hegðun og væntingar markaðsaðila breyttust á stuttum tíma frá áhættusækni í áhættufærni. Eftirspurn eftir ríkisbréfum jókst hratt á meðan skuldabréf annarra útgefenda féllu í verði.

Í upphafi árs 2007 voru skuldabréfasjóðir Seðlabankans undirvigt-aðir hvað varðar ríkisbréf miðað við vísitölur Lehman Brothers en að sama skapi var vægi alþjóða- og ríkisstofnana, sveitarfélaga og fjármálafyrirtækja meira. Ávöxtun gjaldeyrisforðans á árinu 2007 var því heldur lægri en á vísitölum Lehman Brothers.

Innlend lánamál ríkissjóðs

Breytingar urðu í lánaumsýslu ríkissjóðs árið 2007 þegar fjármálaráðherra og Seðlabanki Íslands gerðu samning um að bankinn tæki að sér útgáfu innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs ásamt öðrum verkefnum sem Lánaumsýsla ríkisins annaðist áður. Breytingin tók gildi 1. október og lauk þar með starfsemi Lánaumsýslu ríkisins og innlend lánaumsýsla bættist við erlenda sem bankinn hafði annast um langt skeið.


Nýr samningur við fjármálaráðherra fól í sér að Seðlabankinn tók að sér umsjón og framkvæmd útboða, uppkaup og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara. Einnig sinnir bankinn upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og fjármálaráðuneytis með reglubundnum hætti og viðheldur vefsíðunni www.bonds.is. Tilgangurinn með því að sameina framkvæmd innlendra og erlendra lánamála var að ná betri yfirsýn og skilvirkari lána-, gjaldeyris- og lausafjárstýringu. Einnig var

Tafla IV-2. Samanburður ávöxtunar og viðmiðunarvísitalna Lehmans

Ávöxtun verðbréfa 2007	
Bandaríkjadalir	7,08%
Viðmið Lehman Brothers	7,47%
Mismunur	-0,399%
Evrur 1*	2,22%
Útgáfa ríkissjóðs 1.12.2006	2,44%
Mismunur	-0,225%
Evrur 2*	3,25%
Viðmið Lehman Brothers	3,26%
Mismunur	-0,008%
Pund	6,18%
Viðmið Lehman Brothers	6,57%
Mismunur	-0,385%

* Hér er evruforðanum skipt í tvennt. Evrur 1 stendur fyrir forða sem kemur á móti skuldbindingum vegna útgáfu 1.12.2006. Evrur 2 er sá evruforði sem borinn er saman við Lehman Brothers.

Mynd IV-1
Erlend lán ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Tafla IV-3. Erlend langtímalán ríkissjóðs sem var á gjalddaga á árinu greitt upp

	Fjárhæð (milljónir)		Útgáfu- dagur	Gjald- dagi	Greiðslu- dagur
	Mynt	ISK			
Lán/skrútg. á gjalddaga					
Lán	124,5 EUR	11.085	14.03.2000	14.03.2007	14.03.2007



markmiðið með samningnum að ná kostnaðarhagræðingu og betri nýtingu starfsliðs.

Samkvæmt samningnum tók Seðlabankinn einnig að sér verkefni er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum sem Lánasýslan sinnti áður. Bankinn sér þannig um umsýslu ríkisábyrgða og metur áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Þá veitir hann ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða og innheimtir ríkisábyrgðagjald. Einnig sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána.

Í samningnum er kveðið á um verkaskiptingu og um endanlegt ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Markmiðið er að fyrirbyggja mögulega hagsmunaaðreikstra ef stefna Seðlabankans í peningamálum samrýmist ekki stefnu ríkissjóðs í lánamálum.

Erlend lánamál ríkisins

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra annast Seðlabanki Íslands framkvæmd erlendra lánamála ríkissjóðs og önnur tiltekin verkefni í samræmi við heimild í lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins. Í samningnum er Seðlabankanum falin framkvæmd ákvarðana fjármálaráðherra um erlendar lántökur, vaxta- og gjaldmiðlaskipti erlendis og umsjón erlendra skammtímalána, svo og meðferð annarra erlendra lána sem ríkissjóður tekur. Í samningnum er Seðlabankanum jafnframt falin ráðgjöf við mótun lántökustefnu og lánastýringu, tengsl við erlend matsfyrirtæki og eftirlit með lánskörum og lánaskilmálum aðila sem njóta ríkisábyrgðar og hyggjast taka lán erlendis. Bankinn hefur umsjón með bókhaldi erlendra lána ríkissjóðs og þjónustu því samfara. Seðlabankinn leitast við að treysta orðspor íslenska ríkisins á alþjóðlegum lánamörkuðum og afla ríkissjóði erlends lánsfjár á bestu fánlegu kjörum.

Lántökur erlendis

Langtímalán eru tekin á grundvelli útgáfusamnings um skuldabréf á Evrópumarkaði. Skammtímalán eru tekin á grundvelli samnings um víxlaútgáfu á Evrópu- og Bandaríkjamarkaði. Ríkissjóður hefur jafnframt aðgang að lánsfé á grundvelli samnings um viðbúnaðarlán.

Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði (EMTN-samningur)

Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (e. Euro Medium Term Note Programme), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2006 og nemur hámarksfjárhæð hans nú tveimur milljörðum Bandaríkjadala. Samningurinn veitir ríkissjóði aðgang að lánsfé í ýmsum gjaldmiðlum og gefur jafnframt færi á miklum sveigjanleika við lánsfjáröflun.

Tafla IV-4. Mat á láns hæfi ríkissjóðs í lok árs 2007

	Erlend mynt		Innlend mynt		Horfur	Nýjasta mat
	Langtíma	Skammtíma	Langtíma	Skammtíma		
Moody's	Aaa	P-1	Aaa	P-1	Stöðugar	Ágúst 2007
Standard & Poor's	A+	A-1	AA	A-1+	Neikvæðar	Nóv. 2007
Fitch Ratings	A+	F1	AA+		Stöðugar	Mars 2007
R&I Rating of Japan	AA+				Stöðugar	Júní 2007

Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (ECPP)¹ og á Bandaríkjamarkaði (US-CPP)²

Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (e. European Commercial Paper Program) hefur verið í gildi frá árinu 1985 og var endurnýjaður árið 1995. Samkvæmt honum er heimilt að gefa út víxla og selja fyrir milligöngu Citibank International, SEB og Deutsche Bank á þeim kjörum sem eru á markaði hverju sinni. Heildarfjárhæð útistandandi víxla á Evrópumarkaði getur numið samtals allt að 500 milljónum Bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirra í öðrum gjaldmiðli. Árið 2001 var undirritaður samningur um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði. Heildarfjárhæð útistandandi víxla á Bandaríkjamarkaði getur numið allt að einum milljarði Bandaríkjadala. Evrópski og bandaríski samningurinn tengjast þannig að samanlögð útgáfufjárhæð má ekki fara yfir milljarð Bandaríkjadala. Miðlarar eru Citibank og J.P. Morgan í New York. Engir víxlar voru gefnir út á Bandaríkjamarkaði á árinu 2007.

Endurgreiðslur og lántökur

Aðeins eitt erlent lán var á gjalddaga á árinu 2007 að fjárhæð 124,5 milljónir evra. Lánið sem var á gjalddaga í mars var að hluta til fjármagnað með víxli útgefnum á Evrópumarkaði að fjárhæð 49 milljónir evra til þriggja mánaða. Þetta var eini víxillinn sem var seldur á árinu. Seðlabankinn keypti erlendan gjaldeyri jöfnum höndum á innlendum millibankamarkaði, samtals að fjárhæð 312 milljónir Bandaríkjadala, í því skyni að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum ríkissjóðs. Alls voru greiddir vextir af erlendum lánum að jafnvirði 6,7 milljarða króna á árinu.

Lánastýring og áhættugreining

Við erlendar lántökur ríkissjóðs er reynt að dreifa endurgreiðslum sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánum ríkissjóðs felur jafnframt í sér að lánasafnið sé dreift, einkum með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar. Gerðir voru fimm framvirkir gjaldeyrisamningar á árinu í því skyni að aðlaga tilætlaða gjaldmiðlasamsetningu. Um áramótin voru tveir samningar óuppgerðir. Staða erlendra skulda ríkissjóðs í lok árs 2007 var 153,9 ma.kr. Veginn meðallánstími erlendra langtímalána var 3,78 ár og meðalbínditími 3,28 ár.

Alþjóðlegt mat á láns hæfi ríkissjóðs

Matsfyrirtækin hafa mikil áhrif á lánskjör á alþjóðalánamarkaði. Mest kveður að bandarísku matsfyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's, auk evrópska matsfyrirtækisins Fitch Ratings. Láns hæfismatið er m.a. vísbending um vaxtakjörin sem lántakandi mun njóta. Ríkissjóður hefur notið mikils trausts sem lántakandi á alþjóðlegum markaði og á greiðan aðgang að öllum helstu mörkuðum vegna hagstæðs láns hæfismats og skilvísi.

Láns hæfiseinkunn Moody's fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs er Aaa og fyrir skammtímaskuldbindingar

1. European Commercial Paper Program.

2. United States Commercial Paper Program.





P-1. Landseinkunnin er Aaa. Þetta eru hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur.

Um miðjan mars lækkaði matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli í A+ og AA+ úr AA- og AAA. Horfur voru metnar stöðugar fyrir báðar einkunnir. Einnig var lánshæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli lækkuð í F1 úr F1+ og landseinkunnin lækkuð í AA- úr AA. Rökstuðningur fyrir lækkuninni var einkum sá að staða Íslands gagnvart útlöndum hafði versnað verulega ef horft er til greiðslujafnaðar og hreinnar erlendra stöðu þjóðarbúsins. Einnig kom fram í álitum Fitch að Ísland búi yfir styrk á ákveðnum sviðum sem bersýnilega skilur það frá öðrum ríkjum með lánshæfiseinkunnina A, svo sem háar þjóðartekjur á mann, skilvirkt stjórnkerfi og gegnsætt stofnanaumhverfi.

Í nóvember breytti Standard & Poor's horfum um lánshæfismat ríkissjóðs frá stöðugum í neikvæðar vegna ójafnvægis í þjóðarbúskapnum. Á sama tíma staðfesti matsfyrirtækið einnig óbreyttar lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldmiðli A+ fyrir langtímaskuldbindingar og A-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Í íslenskum krónum eru einkunnirnar AA fyrir langtímaskuldbindingar og A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar. Í álitum Standard & Poor's kom fram að endurskoðun á horfunum endurspegladi vaxandi og þrálátt ójafnvægi í þjóðarbúskapnum, auk skorts á aðhaldi í ríkisfjármálum. Einnig væri vaxandi hætta á harðri lendingu íslenska hagkerfisins. Jafnframt kom fram að verði undið ofan af ójafnvæginu án verulegra vandkvæða og áhætta hamin ættu horfur að verða aftur stöðugar.

Japanska matsfyrirtækið R&I Rating birti í júní fyrsta lánshæfismat sitt á íslenska ríkinu og gaf því einkunnina AA+ og það gildir fyrir skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum. Horfurnar voru metnar stöðugar. Matið fór fram í tengslum við mat fyrirtækisins á lánshæfi á Kaupþingi banka hf. R&I Ratings ákvað að meta einnig lánshæfi ríkisins þótt ekki hefði verið um það beðið af hálfu stjórnvalda.

Alþjóðleg samskipti Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands gegnir veigamiklum skyldum á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn á náið samstarf við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála.

Samkomulag norrænna seðlabanka um viðbrögð við fjármálaáfallum

Á fundi sínum í Stykkishólmi í júní 2003 undirrituðu bankastjórar norrænu seðlabankanna samkomulag um viðbrögð við fjármálaáfallum. Samkomulagið er birt á heimasíðum allra norrænu seðlabankanna. Seðlabankarnir vinna auk þess náið saman að viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika og viðbrögð ef upp koma erfiðleikar í fjármálakerfi, einkum lausafjárerfiðleikar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Davíð Oddsson formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyris-

sjóðsins. Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu var varafulltrúi Íslands í sjóðráðinu. Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltslanda í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins³ á vorfundinum var finnski fjármálaráðherra Eero Heinäluoma en haustfundinn sat nýr finnskur fjármálaráðherra, Jyrki Katainen, en hann tók við sem fjármálaráðherra í lok apríl 2007. Martti Hetemäki, ráðuneytisstjóri í finnska fjármálaráðuneytinu, var formaður fjárhagsnefndar Norðurlanda og Eystrasaltslanda.⁴ Nefndin hefur það hlutverk að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins. Anders Svor, aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasviðs norska seðlabankans, var formaður undirnefndar fjárhagsnefndar Norðurlanda og Eystrasaltslanda⁵ en hún fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins ásamt því að undirbúa fundi fjárhagsnefndarinnar.

Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington á árinu 2007 var Finninn Tuomas Saarenheimo og varafulltrúi var Jón Þ. Sigurgeirsson.

Vor- og ársfundir fjárhagsnefndarinnar voru haldnir í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington D.C. Í tengslum við fundina voru birtar á heimasíðu Seðlabankans greinargerðir skrifstofu Norðurlandanna og Eystrasaltlandanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um málefni sem hæst bar í starfsemi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Einnig voru birt ávörp fulltrúa landanna átta á fundum fjárhagsnefndarinnar og á ársfundi sjóðsins.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heimsótti Ísland í byrjun júní 2007 og álit hennar var birt á heimasíðu Seðlabankans. Heildarskýrsla sendinefndarinnar var birt á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabankans eftir umræðu um Ísland í framkvæmdastjórn sjóðsins í lok ágúst 2007.

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel (Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði hagfræði og ekki síst peningamála. Þá lætur bankinn sig einnig varða fjármálastöðugleika og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og fjárhagslegu öryggi þeirra. Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í ýmsu starfi á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans.

Samstarf við aðra seðlabanka

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum. Bankastjórar þeirra halda árlegan fund þar sem fjallað er um ýmsar hliðar peningamála, fjármálastöðugleika og aðra þætti í starfsemi bankanna. Þá eiga sérfræðingar bankanna á mörgum sviðum með sér náð samstarf og skiptast á upplýsingum, m.a. um ávöxtun gjald-

3. e. International Monetary and Financial Committee (IMFC).

4. e. Nordic Baltic Monetary and Financial Committee (NBMFC).

5. e. Nordic Baltic Monetary and Financial Committee Alternates (NBMFC Alternates).





eyrisforða, markaðsviðskipti, lögfræðileg efni, hagrannsóknir, peningamálastefnu, fjármálastöðugleika, rekstrarmál, starfsmannamál, upplýsingamiðlun o.fl. Seðlabankinn á einnig náði samstarf við ýmsa aðra seðlabanka, þ.á m. Seðlabanka Evrópu. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands á reglulega fundi með bankastjóra Seðlabanka Evrópu og fulltrúar Seðlabankans hafa átt fundi með sérfræðingum hans um ýmislegt sem varðar mótun og framkvæmd peningastefnu og mál sem varða greiðslukerfi.

OECD

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi ýmissa nefnda á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðanefndin og sérfræðinganevnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma með reglulegu millibili til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda um framvindu efnahagsmála en hliðstæðar viðræður fara fram við öll aðildarríki OECD. Í kjölfar viðræðnanna eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum. Skýrsla sendinefndar OECD um íslensk efnahagsmál sem samin var í kjölfar heimsóknar á fyrri hluta árs 2006 var birt í ágúst.

Aðrar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim auk þess að annast regluleg samskipti við alþjóðleg fyrirtæki sem meta lánshæfi.

Samningur fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um viðskiptareikninga og vaxtakjör

Í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var lokað fyrir aðgang ríkissjóðs að lánum í Seðlabankanum. Í samningi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um viðskiptareikning og vaxtakjör sem síðast var endurnýjaður á árinu 2005 segir að frá árinu 2006 greiði Seðlabankinn sömu vexti af meðalinnstæðu á viðskiptareikningi ríkissjóðs í bankanum og hann greiðir af innstæðu á viðskiptareikningum lánastofnana.

Starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum

Í 24. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir m.a. að bankastjórn setji starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum. Þessar starfsreglur voru formlega settar í byrjun árs 2002 og eftir þeim starfað síðan. Þær eru byggðar á ákveðnum meginsjónarmiðum sem lúta að nýtingu upplýsinga og þekkingar, faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og skráningu raka að baki ákvörðunum í peningamálum. Í þeim er kveðið á um gerð verðbólguþátta og verklag við mat á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, á stefnunni í peningamálum og að endingu hvernig bankastjórn tekur ákvarðanir í peningamálum og með hvaða hætti þær skuli birtar. Reglurnar voru endurskoðaðar á árinu 2006. Þær eru birtar á heimasíðu bankans.

Viðfangsefni á sviði fjármálastöðugleika

Bankastjórn hefur með sérstakri samþykkt skýrt viðfangsefni bankans á sviði fjármálastöðugleika. Vísað er í lagagrundvöll þann sem starf bankans byggist á og skýrð þau meginsjónarmið sem taka skal mið af. Í samþykktinni er tilgreint hvernig Seðlabanki Íslands sinnir viðfangsefnum þessum varðandi umgjörð og eftirlit, gagnaöflun og miðlun, rannsóknir, greiningu og kynningu, samstarf og viðlagamál. Að lokum er kveðið á um samstarf og verkaskiptingu sviða bankans um fjármálastöðugleika og tilhögun sérstakra fjármálastöðugleikafunda sem haldnir eru reglulega innan bankans. Samþykktin er birt á heimasíðu bankans.

Samstarf Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Í lögum um Seðlabankann og um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir að þessar stofnanir skuli gera með sér samstarfssamning þar sem kveðið skuli á um samskipti þeirra. Samstarfssamningur var fyrst gerður snemma árs 1999. Hann var síðast endurnýjaður á árinu 2006. Samningurinn er birtur á heimasíðum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Í lögum um Seðlabankann segir enn fremur að hann skuli veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem hann býr yfir og nýtast kunna í starfsemi þess. Stofnanirnar skiptast reglulega á tölfræðilegum gögnum og öðrum upplýsingum og bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hittast reglulega á samráðsfundum. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa m.a. efnt til sameiginlegra viðlagaæfinga. Hin fyrsta var haldin 2004 og önnur í upphafi árs 2006. Á árinu 2007 tóku Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið þátt í norrænni viðlagaæfingu ásamt systurstofnunum á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum.

Aðild Seðlabanka Íslands að stjórnnum stofnana og fyrirtækja

Seðlabanki Íslands á hlut í Reiknistofu bankanna. Í samstarfssamningi frá 1994 kemur fram að bankinn hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofunnar. Á árinu 2007 tók Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans við sem stjórnarmaður af Eiríki Guðnasyni bankastjóra. Varafulltrúi var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri bankans. Fulltrúi bankans í endurskoðunarnefnd Reiknistofunnar var Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi. Fulltrúi bankans í samráðsnefnd Reiknistofunnar var Árni Þórðarson staðgengill aðalbókara og varafulltrúi Pálína Kristinsdóttir sérfræðingur á upplýsingasviði. Samráðsnefnd var lögð niður á árinu.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra. Einn stjórnarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Fulltrúi Seðlabankans í stjórninni á árinu 2007 var Ingimundur Friðriksson bankastjóri. Sigríður Logadóttir aðalögfræðingur var varafulltrúi.

Seðlabanki Íslands á 8% hlut í Fjölgreiðslumiðlun hf. Guðmundur Kr. Tómasson staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs var fulltrúi Seðlabankans í stjórn Fjölgreiðslumiðlunar á árinu 2007. Varafulltrúi var Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Jónas Þórðarson sérfræðingur á fjármálasviði bankans var framkvæmdastjóri Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2007.





Starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Lífeyrissjóði bankamanna. Fulltrúi bankans í stjórn sjóðsins á árinu 2007 var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri og varafulltrúi hans Kristína Baldursdóttir forstöðumaður á upplýsingasviði.

Áhættugreining og áhættustýring

Áhættu Seðlabanka Íslands má í grófum dráttum skipta í fernt, þ.e. stjórnunaráhættu, orðsporsáhættu, fjármálaáhættu og rekstraráhættu. Stjórnunaráhætta beinist að ákvörðunum í tengslum við stjórn peningamála og önnur verkefni sem bankanum eru falin í lögum. Hana getur verið erfitt að skilgreina en hún ræðst m.a. af hæfni stjórnenda, verkferlum og innra eftirliti. Orðsporsáhætta beinist að trúverðugleika Seðlabankans og getur skipt verulegu máli fyrir bankann sjálfan og jafnvel fjármálakerfið í heild. Fjármálaáhætta er aðallega lánaáhætta, vaxtaáhætta, lausafjárahætta og gengisáhætta og tengist varðveislu gjaldeyrisforðans og stjórn peningamála. Við stjórn gjaldeyrisforða gilda starfsreglur um varðveislu og ávöxtun forðans sem endurskoðaðar eru með reglulegu millibili af bankastjórn og bankaráð staðfestir. Þar er fjallað um fjárfestingarstefnu, fjárfestingarkosti, skilyrði um lánshæfi, binditíma verðbréfa og hlutföll óbundinna eigna í gjaldeyrisforða. Rekstraráhætta skiptist í nokkra undirþætti. Þar má nefna starfsmannaáhættu, bókhaldsáhættu, hættu á tæknilegum brestum og almenna rekstraráhættu sem ógnað gæti starfsemi Seðlabankans.

Leitast er við að lágmarka áhættu í starfi allra sviða og viðfangsefna bankans. Það er m.a. gert með starfsreglum, verkferlum, starfslýsingum og eftirliti.

Söfnun tölfraðilegra upplýsinga

Seðlabanki Íslands safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Auk þess er lánastofnunum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Einnig er þar vísað í ýmislegt efni á netinu sem tengist þeim gögnum sem birt eru í Hagtölunum. Allt efni Hagtálnanna er einnig aðgengilegt á ensku vefsíðunni.

Seðlabankinn starfrækir í samvinnu við fjármálaráðuneytið gagnagrunnskerfið FAME sem er sérhannað fyrir tímaraðir tölfraðigagna. Í gagnagrunnskerfinu er fjöldi svokallaðra gagnabúa sem innihalda tölfraðigögn með tímaröðum sem skipta hundruðum þúsunda, en hluti þess er úr reikningum einstakra félaga og er aðgangur að þeim gögnum takmarkaður við einstaka starfsmenn. Kerfið er sambærilegt þeim sem eru í notkun hjá flestum stærstu seðlabönkum heims og mörgum helstu alþjóðastofnunum. Frá árinu 1996 hefur Seðlabanki Íslands átt aðild að birtingarstaðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og birtir bankinn á vefsíðum sínum áætlun um hvenær tölfraðiupplýsingar verða birtar í samræmi við staðalinn.



Útgáfu- og upplýsingamál

Ríkar kröfur eru gerðar til seðlabanka um að þeir geri skýra grein fyrir markmiðum peningastefnu sinnar, framkvæmd hennar og annarri starfsemi sinni. Lög um Seðlabanka Íslands leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þetta gerir bankinn í riti sínu *Peningamálum* sem einnig er gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*. Í *Peningamálum* eru oft birtar niðurstöður rannsókna starfsmanna bankans er tengjast peningastefnunni, fjármálastöðugleika og starfsemi bankans almennt. Þrjú tölublöð af *Peningamálum* voru gefin út á árinu 2007.

Þá var ritið *Fjármálastöðugleiki* gefið út á árinu, en þar er fjallað um stöðu og styrk íslenska fjármálakerfisins og fjármálastöðugleika í þjóðhagslegu samhengi. *Fjármálastöðugleiki* er gefinn út einu sinni á ári.

Í ársskýrslu sinni gerir Seðlabankinn grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni. Þá gerir formaður bankastjórnar grein fyrir stefnu bankans á ársfundi hans. Ellefu sinnum á ári gefur Seðlabankinn út *Hagvísu*, sem einnig eru gefnir út á ensku undir heitinu *Economic Indicators*. Reglulega eru birtar tölulegar upplýsingar á heimasíðu bankans undir yfirskriftinni Hagtölur Seðlabankans.


Bankinn hefur að auki reglulega gefið út *Fjármálatíðindi* sem eru vettvangur fræðilegra greina um efnahagsmál. Útgáfu þess rits lauk með árgangi ársins 2007, en þá hafði ritið verið gefið út frá árinu 1954. Þá gefur bankinn út ritröð á ensku undir heitinu *Central Bank of Iceland Working Papers* þar sem birtar eru rannsóknaritgerðir hagfræðinga innan og utan bankans. Ritið *Economy of Iceland* hefur verið gefið út um árabíl, nú árlega. Í því eru upplýsingar um íslenskt stjórnarfar og þjóðarbúskap, bæði uppbyggingu hans og framvindu. Rit Seðlabanka Íslands gefin út á árinu 2007 eru talin upp í viðauka aftur í þessari skýrslu. Seðlabankinn birtir reglulega fréttir til að greina frá helstu ákvörðunum bankastjórnar auk þess sem fréttir eru gefnar út til þess að greina frá ýmsu er varðar starfsemi bankans. Þá er ýmissa tíðinda oft getið á heimasíðu bankans án þess að gefin sé út sérstök fréttatilkynning.

Á heimasíðu Seðlabankans eru birtar rafrænar útgáfur þeirra rita sem bankinn gefur út. Þar eru ennfremur birtar fréttir, tölulegar upplýsingar og ýmsar upplýsingar er varða starfsemi bankans. Þar er meðal annars greint frá efni málstofa sem nánar er fjallað um í næsta kafla. Seðlabankinn gerir sér far um að kynna starfsemi sína fyrir almenningi, m.a. með því að taka á móti námsmönnum og öðrum hópum.

Rannsóknir

Í Seðlabankanum eru stundaðar margvíslegar rannsóknir sem tengjast viðfangsefnum bankans. Sú starfsemi fer aðallega fram á hagfræðisviði bankans en einnig á öðrum sviðum og fyrir kemur að Seðlabankinn kaupir eða styrkir rannsóknarverkefni aðila utan bankans.

Til þess að peningastefnan geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir líkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stór hluti rannsókna í Seðlabankanum er helgaður þessu viðfangsefni. Á undanförunum árum hefur verið unnið að gerð ársfjórðungslegs þjóðhagslíkans sem tekið var í notkun í byrj-





un árs 2006. Geta bankans við spá- og greiningarvinnu hefur batnað verulega með tilkomu nýja líkansins. Áfram er unnið að þróun þess og vinna við greiningu á langtímaeiginleikum er langt komin. Þessu til viðbótar er unnið að þróun nýs heildarjafnvægislíkans sem notað verður samhliða ofangreindu ársfjórðungslíkani en slík jafnvægislíkön henta betur við hagstjórnarhermanir.

Meðal annarra viðameiri viðfangsefna á árinu 2007 má nefna vinnu við þróun Bayesísks spálíkans fyrir innlenda verðbólgu, þróun vísbendingalíkans fyrir innlenda hagsveiflu, mat á vaxtarófi innlendra vaxta, mat á margvíðu tímaraðalíkani fyrir innlendar hátíðnivéðing- ingar, mat á þjóðhagsspám Seðlabankans, gerð hermilíkans af íslenska fjármálakerfinu, mat á væntu og óvæntu útlánatapi viðskiptabanka og þróun álagsprófa fyrir innlent fjármálakerfi.

Að auki er iðulega unnið að fjölda umfangsminni rannsóknarverkefna. Má þar nefna þróun á skammtímaspálíkönunum fyrir undirliði vísitölu neysluverðs, mat á áhrifum erlends vinnuafis á íslenskt hagkerfi, mat á hagsveifluleiðréttingu opinberra fjármála, þróun vísbendinga fyrir húsnæðismarkað og íbúðafjárfestingu, samanburðarrannsókn á sveiflum í tekjum og neyslu, rannsókn á uppruna, samsetningu og fjármögnun viðskiptahallans og mat á upplýsingagildi fyrstu bráða- birgðatalna þjóðhagsreikninga.

Á árinu hófst einnig vinna við fjölda rannsóknarverkefna. Má þar nefna rannsókn á verðákvörðunum fyrirtækja, rannsókn á drifkröftum og áhrifum beinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis, hlutverki peningamagns við mótun peningastefnunnar, rannsókn á innlendum jafnvægisvöxtum og notkun Taylor-reglu við stjórn peningamála og mat á eigna- og skuldastöðu innlendra heimila og þjóðarbúsins í heild.

Rannsóknir á sviði fjármálastöðugleika voru af margvíslegum toga árið 2007. Má þar nefna könnun á samfylgni hlutabréfa- og gengisvísitölu. Þá var álagspróf fyrir útlánaáhættu bankanna þróað áfram og óvænt útlánatap bankanna metið samhliða því að markaðsáhætta var metin og könnuð kerfisáhætta á millibankamarkaði. Fjallað er um þessar rannsóknir í *Fjármálastöðugleika 2007*. Af nýjum rannsóknum og greiningum má nefna þróun álagsprófa vegna lausafjárahættu, greining á umgjörð fjármálakerfisins, endurskoðun á aðferðafræði við mat á lausafjárahættu og kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum.

Að lokum má nefna ýmis langtímaverkefni sem hafa verið í gangi um tíma, oft í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn. Má þar nefna viðamikil rannsóknarverkefni um sérstök viðfangsefni peningastefnunnar í mjög litlum, opnum hagkerfum með sjálfstætt fljótandi gjaldmiðil, þróun aðferða við mat á framleiðsluspennu, rannsókn á innlendum raunvöxtum og rannsókn á breytingum á sambandi verðbólgu og gengis krónunnar.

Til þess að skapa umgjörð um rannsóknir innan bankans og miðla niðurstöðum þeirra til almennings og annarra sérfræðinga heldur bankinn reglulega málstofur. Á þeim gefst fræðimönnum innan og utan bankans færi á að kynna eigin rannsóknir og ræða þær við aðra starfs- og fræðimenn. Starfsmenn bankans kynntu einnig niðurstöður rannsókna sinna á málstofum utan Seðlabankans, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Jafnframt sóttu þeir fjölda ráðstefna, inn- anlands og erlendis, til að kynna eigin rannsóknir og kynnast rann-

sóknum annarra fræðimanna, og héldu gestafyrirlestra fyrir almenn-
ing, aðra sérfræðinga og háskólamenn.

Seðlabankinn telur mikilvægt að rannsóknir sérfræðinga bankans
fáiast birtar í alþjóðlega viðurkenndum vísindaritum og gerðist það í
nokkrum tilvikum á árinu.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 2007 var 30. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs. Stofnfé sjóðsins var ágóði
af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt frá 1974 og tekjur
hafa verið ágóði af útgáfu og sölu annarra minnispeninga. Stjórn
sjóðsins skipa fimm fulltrúar. Þrír eru kjörnir af Alþingi, einn tilnefndur
af Seðlabankanum og forsætisráðherra skipar þann fimmta, sem jafn-
framt er formaður sjóðsstjórnar. Skipunartími núverandi stjórnar, sem
er fjögur ár, hófst árið 2006. Formaður er Margrét Bóasdóttir söng-
kona, og fulltrúi Seðlabankans er Eiríkur Guðnason bankastjóri. Ritari
stjórnar sjóðsins er Sigfús Gauti Þórðarson lögfræðingur í Seðlabank-
anum. Að þessu sinni voru tvær úthlutanir á árinu. Sú fyrri fór fram
24. maí þegar stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi 20,6 m.kr. til styrkja
vegna ársins 2007 til 46 umsækjenda, og sú síðari 1. desember þegar
stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi 25,3 m.kr. til styrkja vegna ársins
2008 til 55 umsækjenda. Í báðum tilfellum var haldin sérstök úthlut-
unarathöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Höfuðstóll sjóðsins var rúmar 103
m.kr. í lok ársins 2007 og er stefnt að því að búið verði að ráðstafa öllu
fé sjóðsins eigi síðar en á árinu 2010 vegna ársins 2011.

Húsnæði bankans – bóka- og skjalasafn

Auk Seðlabankans var Reiknistofa bankanna til húsa í Seðlabanka-
húsinu við Kalkofnsveg í árslok 2007. Bóka- og skjalasafn Seðlabanka
Íslands er að mestum hluta til húsa í Einholti 4 í Reykjavík. Á árinu
2006 var myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns flutt úr Einholti
4 í bankahúsið við Kalkofnsveg og komið fyrir í sal á 1. hæð hússins.
Tímarita- og handbókasafn er í húsi bankans við Kalkofnsveg. Bóka-
safn Seðlabankans sem er mikið heimildasafn um íslensk efnahags- og
atvinnumál er skráð í Gegni, landskerfi bókasafna.



V Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

Reikningsskil Seðlabanka Íslands

Í 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Forsætisráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabankans. Núgildandi reglur voru settar árið 2005. Uppgjör ársreikningsins nú byggist því á sömu grundvallaratriðum og uppgjörið fyrir árið 2006. Lítils háttar breytingar hafa þó verið gerðar á framsetningu einstakra liða og er gerð grein fyrir þeim í skýringum við ársreikninginn sem birtur er aftar í þessari skýrslu.

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2007 að fjárhæð 1.224 milljónir króna samanborið við hagnað að fjárhæð 11.857 milljónir króna árið 2006. Mikil breyting á milli ára skýrist fyrst og fremst af gengismun. Á árinu 2006 varð gengishagnaður að fjárhæð 11.825 milljónir króna en 5.899 milljóna króna gengistap á árinu 2007. Að gengismun slepptum varð hagnaður af rekstri Seðlabankans 4.675 milljónir króna á árinu 2007 samanborið við 32 milljóna króna hagnað árið 2006. Framlag til ríkissjóðs nam 2.338 milljónum króna 2007 samanborið við 16 milljónir króna 2006. Á árinu 2007 jukust vaxtatekjur bankans bæði af innlendum og erlendum eignum. Heildarvaxtatekjur bankans námu 31.281 milljón króna samanborið við 15.444 milljónir króna árið 2006. Hækkaðar vaxtatekjur skýrast bæði af auknum umsvifum og af hærri vöxtum en árið áður. Vaxtagjöld jukust sömuleiðis mjög á árinu 2007. Í heild námu þau 25.234 milljónum króna samanborið við 13.743 milljónir króna árið 2006. Hreinar vaxtatekjur námu 6.047 milljónum króna 2007 samanborið við 1.701 milljón króna 2006. Aðrar rekstrartekjur Seðlabankans hækkuðu úr 348 milljónum króna árið 2006 í 2.531 milljón króna árið 2007. Rekstrargjöld námu 1.565 milljónum króna árið 2007 samanborið við 2.002 milljónir króna árið 2006. Lækkunin stafar einkum af aukaframlagi til lífeyrissjóðs sem greitt var árið 2006 og af minni kostnaði vegna seðla og myntar árið 2007 en 2006.

Á árinu 2007 hækkaði niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabanka Íslands um 155 milljarða króna og nam 476.859 milljónum króna í lok ársins. Mikil hækkun eigna stafar nánast eingöngu af auknum kröfum Seðlabankans á innlánsstofnanir og aðrar fjármálastofnanir í formi lána gegn veði. Þau jukust úr 147 milljörðum króna í árslok 2006 í 303 milljarða króna í árslok 2007. Skuldamegin á efnahagsreikningi jókst fjárhæð seðla og myntar í umferð um 8,4% og nam 15,7 milljörðum króna í lok ársins. Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir, einkum innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum, jukust úr 43.210 milljónum króna í lok árs 2006 í 152.112 milljónir króna í lok árs 2007.

Heildarinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 211 milljörðum króna í lok ársins 2007 sem er nánast sama fjárhæð og í lok ársins



2006 þrátt fyrir greiðslu eiginfjárframlags til bankans sem síðar verður getið. Meðal krafna ríkissjóðs á Seðlabankann í lok árs 2007 voru bundin innlán að fjárhæð 26.815 milljónir króna. Þar er um að ræða hluta af söluandvirði Símans sem lagt var inn í Seðlabankann á sínum tíma og greint var frá í ársskýrslu bankans fyrir árin 2005 og 2006. Þá er meðal krafna ríkissjóðs á Seðlabankann gengisbundið skuldabréf sem er andvirði erlends láns sem tekið var síðla árs 2006 og greint var frá í ársskýrslu bankans fyrir það ár. Fjárhæð þess nam 88.990 milljónum króna í lok árs 2007.

Í lok ársins 2007 námu erlendar eignir 34% heildareigna bankans samanborið við 52% í lok ársins 2006. Erlendar skuldir og skuldir í erlendum gjaldmiðli námu 19% af heildarskuldum og eigin fé í árslok 2007 samanborið við 31% í árslok 2006.

Í árslok 2007 nam eigið fé bankans 91.003 milljónum króna samanborið við 48.227 milljónir króna í árslok 2006. Hækkunin skýrist einkum af 44 milljarða króna eiginfjárframlagi ríkissjóðs sem greitt var bankanum í maí 2007. Í lok ársins 2007 svaraði eigið fé bankans án endurmats til 18% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Ári áður var hlutfallið 13,4%.

Af innstæðum ríkissjóðs á viðskiptareikningum greiðir Seðlabankinn sömu vexti og hann greiðir lánastofnunum af innstæðum þeirra á viðskiptareikningum í bankanum. Af bundnum innlánnum sem stofnað var til með söluandvirði Símans greiðir bankinn meðaltal viðskiptareikningsvaxta og stýrivaxta.

Ávöxtun erlendra eigna á árinu 2007 var viðunandi miðað við aðstæður, sbr. kafla IV. Vextir á alþjóðamörkuðum voru enn lágir og sveiflur á vöxtum á alþjóðamarkaði höfðu áhrif á markaðsvirði skuldabréfaeignarinnar og ollu nokkrum sveiflum á henni innan ársins. Ítarleg grein er gerð fyrir ávöxtun gjaldeyrisforðans í kafla IV auk þess sem hennar er getið í skýringum við ársreikninginn aftar í þessari skýrslu.

Með því að halda gjaldeyrisforða er Seðlabankinn seldur undir gengisáhættu af völdum breytinga á gengi íslensku krónunnar sem hann getur ekki firt sig og því meiri sem forðinn er stærri. Breytingar á gengi krónunnar hafa hins vegar engin áhrif á virði forðans í erlendum gjaldeyri. Hann þjónar tilgangi sínum óháð breytingum á gengi krónunnar. Erlendar eignir og skuldir Seðlabankans eru færðar á markaðsvirði umreiknuðu á gengi íslenskrar krónu í árslok. Breytingar á gengi hennar hafa bein áhrif á hagnað bankans. Gengistap og gengishagnaður er hvort tveggja fært að fullu á rekstrarreikning bankans og hefur þannig bein áhrif á reiknaða afkomu hans.

Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands skuli sitja sjö fulltrúar. Kosið er í bankaráð að loknum kosningum til Alþingis, síðast í júní 2007. Bankaráð velur sér formann og varaformann úr eigin röðum. Í lok árs skipuðu bankaráð þau Halldór Blöndal formaður, Jón Sigurðsson varaformaður, Erna Gísladóttir, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jónas Hallgrímsson, Ragnar Arnalds

og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (kosin 3. október 2007 í stað Jóns Þórs Sturlusonar sem sagði sig úr ráðinu). Bankaráð hélt 20 fundi á árinu 2007.

Bankastjórn

Bankastjórn Seðlabanka Íslands skipuðu þeir Davíð Oddsson formaður, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson. Skipunartími Eiríks Guðnasonar rennur út í apríl 2012, Davíðs Oddssonar í október sama ár og Ingimundar Friðrikssonar í ágúst 2013.

Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex megin svið auk innri endurskoðunar. Skrifstofa bankastjórnar tilheyrir ekki megin sviðum bankans en hún annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjórn, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Lögfræðingar á skrifstofu bankastjórnar annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerna og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild heyrir undir skrifstofu bankastjórnar og annast bókasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns.

Alþjóða- og markaðssvið annast umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans ásamt að hafa umsjón með lánamálum ríkissjóðs, ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Þá sér sviðið um regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir, alþjóðleg matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Bókhaldssvið hefur umsjón með færslu bókhalds Seðlabankans og Grænlandssjóðs sem er í vörslu bankans, auk Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Einnig sér sviðið um bókhald yfir innlausn spariskírteina og erlend lán ríkissjóðs. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að stöðugleika og virkni fjármálastofnana og -markaða. Starfsemi sviðsins skiptist í þrjár einingar sem lúta að fjármálastöðugleika, þ.e. fjármálakerfi, greiðslukerfi og viðbúnað en einnig heyrir fjárhirslur undir fjármálasviði. *Fjármálakerfi* annast greiningu á fjármálafyrirtækjum og uppbyggingu fjármálakerfisins, *greiðslukerfi* hefur yfirumsjón með mikilvægustu greiðslu- og uppgjörskerfum og *viðbúnaður* sér um þróun og gerð álagsprófa ásamt verkefnum í viðbúnaðarmálum. *Fjárhirslur* annast útgáfu og meðferð seðla og myntar. Sviðið leiðir útgáfu bankans á árlegri skýrslu hans, *Fjármálastöðugleika*.

Hagfræðisvið annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greiningu á þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. á þjóðhagslegum þáttum fjármálastöðugleika og hefur umsjón með og tekur þátt í útgáfu ýmissa rita bankans, t.d. *Hagvíska*, *Peningamála*, *Working Papers*, *Fjármálastöðugleika*, *Fjármálatíðinda* og *Economy of Iceland*. Hagfræðisvið skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Tafla V-1. Starfslið

	Starfsmenn	Starfsgildi
Aðalskrifstofa	10	9,3
Skrifstofa bankastjórnar	3	3,0
Lögfræðingar	2	2,0
Safnadeild	5	4,3
Alþjóða- og markaðssvið	12	12,0
Bókhaldssvið	10	10,0
Fjármálasvið	14	13,9
Fjármáladeild	8	7,9
Fjárhirslur	6	6,0
Hagfræðisvið	16	15,9
Rekstrarsvið	34	26,8
Upplýsingasvið	17	16,4
Endurskoðun	2	2,0
Alls	115	106,3



Rekstrarsvið er fjölmennasta svið bankans. Sviðið annast rekstur og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismál, innkaup, gerð rekstraráætlana og útgjaldaeftirlit. Sviðið annast einnig starfsmannahald bankans og launamál og undir það heyra ýmis viðfangsefni sem lúta að innanhússþjónustu. Þá sér sviðið um skjalahald bankans. Frá árinu 2001 hefur símsvörun bankans verið sinnt af fyrirtæki á Raufarhöfn.

Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar, rekur jafnframt tölvukerfi bankans og gagnagrunna. Sviðið skiptist í fjórar einingar þ.e. upplýsingatækni, rekstur og viðhald á FAME-gagnagrunni bankans, gagnasöfnun og skráningu, og úrvinnslu gagna og miðlun.

Aðalendurskoðandi er ráðinn af bankaráði en ekki bankastjórn. Endurskoðunarsvið annast innri endurskoðun og innra eftirlit með starfsemi bankans í viðum skilningi og sjóða í umsjá hans.

Starfslið

Á árinu 2007 urðu talsverðar breytingar á starfsliði bankans. Alls hættu ellefu starfsmenn störfum eða fóru á eftirlaun en sextán starfsmenn voru ráðnir til starfa. Fjórir þeirra komu til starfa í október 2007 þegar starfsemi Lánasýslu ríkisins var lögð niður og verkefni hennar ásamt fjórum starfsmönnum voru flutt á alþjóða- og markaðssvið Seðlabankans. Fjöldi sumarstarfsmanna var svipaður og áður. Bernard John Scudder lést 15. október 2007. Bernard var fæddur 29. ágúst 1954. Hann hóf störf sem þýðandi hjá bankanum 19. maí 2003 en hafði áður starfað sem sjálfstæður þýðandi. Þrír starfsmenn hættu störfum og fóru á eftirlaun. Þeir eru Guðmundur Guðmundsson starfsmaður á hagfræðisviði eftir 35 ára starf, Hannes Haraldsson starfsmaður í fjárhirslum eftir 40 ára starf og María Jenný Jónasdóttir starfsmaður á rekstrarsviði eftir 42 ára starf.

Starfsmönnum á alþjóða- og markaðssviði fjölgaði um fjóra, um einn á fjármálasviði og upplýsingasviði og fækkaði um einn á rekstrarsviði.

Starfsmenn í árslok 2007 voru 115 að tölu, 60 karlar og 55 konur, og er það fjórum fleira en í lok árs 2006. Starfsgildi voru 106,3 en sjö starfsmenn eru í hlutastarfi eða í 5,3 starfsgildum, og af 14 starfsmönnum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu voru sjö vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna. Meðaltal ársverka var 111, sem er 1,6 færri en árið áður.

Kjarasamningar

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Sambandi íslenskra bankamanna og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi sambandsins og Seðlabankans. Í gildi er kjarasamningur sem rennur út í lok september 2008. Samningurinn felur í sér 2,25% launahækkun 1. janúar 2008.

Jafnréttisstefna

Bankastjórn staðfesti jafnréttisáætlun fyrir bankann í fyrsta sinn árið 1996. Á grundvelli hennar hefur jafnréttisnefnd starfað í bankanum frá þeim tíma. Jafnréttisáætlunin hefur verið endurnýjuð reglulega, síðast 2007 og um leið var staðfest jafnréttisstefna.

Stjórn Seðlabanka Íslands og starfsmenn 31. desember 2007

Bankaráð

Aðalmenn

Haldór Blöndal fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, formaður
 Jón Sigurðsson fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, varaformaður
 Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri
 Ragnar Arnalds fyrrverandi ráðherra og alþingismaður
 Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor
 Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur

Varamenn

Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri
 Birgir Þór Runólfsson dósent
 Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri
 Sigríður Finsen hagfræðingur
 Guðný Hrund Karlsdóttir viðskiptafræðingur
 Ingibjörg Ingvadóttir lektor
 Valgerður Bjarnadóttir viðskiptafræðingur

Bankastjórn

Davíð Oddsson formaður
 Eiríkur Guðnason
 Ingimundur Friðriksson

Yfirmenn

Alþjóða- og markaðssvið:	Sigurður Sturla Pálsson framkvæmdastjóri
Bókhaldssvið:	Erla Árnadóttir aðalbókari
Endurskoðunarsvið:	Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi
Fjármálasvið:	Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri
Hagfræðisvið:	Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur
Lögfræðingar:	Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur
Rekstrarsvið:	Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri
Upplýsingasvið:	Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri



Fundur bankaráðs í ársbyrjun 2008. Frá vinstri: Arnór Sighvatsson, Davíð Oddsson, Jónas Hallgrímsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Jón Sigurðsson, Haldór Blöndal, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Erna Gísladóttir, Ragnar Arnalds, Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson og Tómas Örn Kristinsson.

Starfsmenn

SKRIFSTOFA BANKASTJÓRNAR

Ágústa Johnson
Ellen Hrefna Haraldsdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson

Lögfræðingar

Sigfús Gauti Þórðarson
Sigríður Logadóttir

Safnadeild

Anton Holt
Magný Gyða Ellertsdóttir
Sigurbjörg Sigurðsson
Unnur Björk Lárusdóttir
Valborg Stefánsdóttir

ALÞJÓÐA- OG MARKAÐSSVIÐ

Bergur Barðason
Björgvin Sighvatsson
Björn G. Ólafsson
Gerður Ísberg
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
Hallgrímur Ólafsson
Jóna Guðrún Ísaksdóttir
Lilja D. Alfreðsdóttir
Oddgeir Gunnarsson
Sigurður G. Thoroddsen
Sigurður Sturla Pálsson
Viðar Rúnar Geirsson

BÓKHALDSSVIÐ

Alf H. Pedersen
Anna S. Árnadóttir
Arndís Leifsdóttir
Árni Þórðarson
Erla Árnadóttir
Guðrún E. Herbertsdóttir
Halldóra Konráðsdóttir
Ísólfur Sigurðsson
Jónína Guðbjartsdóttir
Ólöf Jónsdóttir

ENDURSKOÐUNARSVIÐ

Guðmundur Björnsson
Stefán Svavarsson

FJÁRMÁLASVIÐ

Bryndís Ásbjarnardóttir
Elín Kristjana Sighvatsdóttir
Guðmundur Kr. Tómasson
Guðrún Ögmundsdóttir
Jónas Þórðarson
Perla Ösp Ásgeirsdóttir
Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Tryggvi Pálsson

Fjárhirslur

Auður Gísladóttir
Ingveldur S. Kristjánsdóttir
Jóhanna Pétursdóttir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Kristján Guðmundsson
Stefán Arnarson

HAGFRÆÐISVIÐ

Arnór Sighvatsson
Ásgeir Danielsson
Daníel Svavarsson
Guðrún Yrsa Richter
Helga Guðmundsdóttir
Karen Á. Vignisdóttir
Magnús Fjalar Guðmundsson
Markús Möller
Ólafur Örn Klemensson
Rannveig S. Sigurðardóttir
Regína Bjarnadóttir
René Kallestrup
Rósa Björk Sveinsdóttir
Svava Jóhanna Haraldsdóttir
Þorvarður Tjörvi Ólafsson
Þórarinn G. Pétursson

REKSTRARSVIÐ

Birna K. Jónsdóttir
Hólmfríður M. Ingibergsdóttir
Ingvar A. Sigfússon
Kristjón Kolbeins
Þórður Gautason

Húsvarsla/ræsting

Berglind Þorsteinsdóttir
Bogey R. Hreiðarsdóttir
Guðný Harpa Hallgrímsdóttir
Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir
Kristinn Unnarsson
Marteinn Jóhannesson
Olga A. Björnsdóttir
Ólafía Egilsdóttir
Ragnheiður E. Rúnarsdóttir
Rita Sigurðardóttir
Sigurlaug Jósepsdóttir
Sólveig Kristinsdóttir
Stefanía Hrönn Guðnadóttir
Svala Sigurðardóttir

Mötuneyti

Bergþóra Óskarsdóttir
Guðlaug Erla Ingólfssdóttir
Halla Kristín Björnsdóttir
Sigríður Laufey Guðmundsdóttir
Sigurberg Jónsson

Prentun og umbrot

Sigríður María Jónsdóttir
Sigurbjörg Steingrímsdóttir
Sveinn A. Blöndal

Ritarar

Hrafnhildur Georgsdóttir
Klara Jóhannsdóttir
Sigríður Bogadóttir
Þórey Þórarinsdóttir

Skjalastöð

Eva Sóley Sigurðardóttir
Guðrún Sigmarsdóttir
Hilmar Gunnþór Garðarsson
Sigurbjörg Ólafsdóttir
Sveinbjörg Rut Helgadóttir

Umsjón bifreiða/orlofshúsa

Garðar Halldórsson
Karl G. Smith

Öryggisvarsla

Guðleifur Svanbergsson
Gunnlaugur Magnússon
Hannes Ólafsson
Hólmgeir H. Hákonarson
Jóhann Gunnar Friðjónsson
Sigurður Sigurðsson
Sveinbjörn Kristjánsson
Þorsteinn Þorvaldsson

UPPLÝSINGASVIÐ

Arnar Freyr Guðmundsson
Bryndís Pétursdóttir
Einar Örn Ólafsson
Eva Hjördís Bjarnadóttir
Fjóla Agnarsdóttir
Guðmundur Harðarson
Gylfi Vilberg Árnason
Hrönn Helgadóttir
Jakob Gunnarsson
Kristiana Baldursdóttir
Lárus Jóhannesson
Pálína Kristinsdóttir
Pétur Örn Sigurðsson
Ríkarður B. Ríkarðsson
Tómas Örn Kristinsson
Tryggvi Eyvindsson
Örn Jónasson



ÁRSREIKNINGUR 2007

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2008

Áritun bankaráðs

Jón Sigurðsson
Hannes Hólmsteinn Gissurarson
Ragnar Arnalds

Halldór Blöndal
formaður

Erna Gísladóttir
Jónas Hallgrímsson
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Áritun bankastjórnar

Eiríkur Guðnason

Davíð Oddsson
formaður

Ingimundur Friðriksson

Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 13. mars 2008

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðanda, bankaráðs og bankastjórnar staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 28. mars 2008

Geir H. Haarde
forsætisráðherra

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýringar	2007	2006
Vaxtatekjur			
Af innlendum eignum	1	25.346.076	12.631.734
Af erlendum eignum		5.935.188	2.812.105
		<u>31.281.264</u>	<u>15.443.839</u>
Vaxtagjöld			
Af innlendum skuldum		21.778.592	13.658.417
Af erlendum skuldum		3.455.811	84.112
		<u>25.234.403</u>	<u>13.742.529</u>
Hreinar vaxtatekjur	13	6.046.861	1.701.310
Aðrar rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		232.651	220.664
Þjónustugjöld		(107.654)	(83.016)
Seðlar úr umferð		118.220	–
Tekjur af hlutafjäreign		320.290	452.341
Verðendurmat erlendra verðbréfa	1	(640.509)	(839.611)
Verðendurmat erlends láns	1	1.801.665	–
Verðendurmat gulls		797.228	525.927
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum		9.260	72.144
		<u>2.531.151</u>	<u>348.449</u>
Hreinar rekstrartekjur		8.578.012	2.049.759
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	15	921.195	890.257
Annar rekstrarkostnaður		413.095	384.192
Kostnaður af seðlum og mynt		143.355	251.446
Afskriftir ársins	4	87.710	90.246
Aukaframlag til lífeyrissjóðs		–	385.662
		<u>1.565.355</u>	<u>2.001.803</u>
Hagnaður án framlags til ríkissjóðs		7.012.657	47.956
Framlag í ríkissjóð	8	2.337.552	15.985
Hagnaður án gengismunar		4.675.105	31.971
Gengismunur	14	(5.898.662)	11.825.022
Hagnaður (tap) ársins	11	<u>(1.223.557)</u>	<u>11.856.993</u>

Efnahagur 31. desember 2007

EIGNIR

	Skýringar	2007	2006
Erlendar eignir			
Bankainnstæður		19.348.284	41.649.443
Gulleign	3	3.305.189	2.934.064
Verðbréf	3	138.322.338	121.246.719
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	5	1.822.996	2.019.865
Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða	2	786.675	522.496
		<u>163.585.482</u>	<u>168.372.587</u>
Innlendar eignir			
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Lán gegn veði	6	258.164.548	119.862.706
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Markaðsskráð verðbréf		1.446.568	1.472.558
Lán gegn veði	6	44.553.548	27.073.964
Daglán		4.101.698	–
		<u>50.101.814</u>	<u>28.546.522</u>
<i>Aðrir aðilar</i>			
Ýmsir reikningar		55.070	47.206
Verðbréf		75.859	95.313
		<u>130.929</u>	<u>142.519</u>
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Fasteignir og lausafjármunir	4	4.875.730	4.859.244
		<u>313.273.021</u>	<u>153.410.991</u>
		<u>476.858.503</u>	<u>321.783.578</u>
Eignir alls			
Eignir utan efnahags	12		

Efnahagur 31. desember 2007

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýringar	2007	2006
Erlendar skuldir			
Innstæður erlendra aðila		99.541	94.644
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.....	5	1.612.593	1.779.605
		<hr/>	<hr/>
	Erlendar skuldir	1.712.134	1.874.249
Innlendar skuldir			
Seðlar og mynt		15.735.426	14.512.501
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Viðskiptareikningar	6	152.111.529	43.210.188
Innstæðubréf		0	1.777.253
		<hr/>	<hr/>
		152.111.529	44.987.441
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Viðskiptareikningar	6	1.425.239	129.825
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		93.970.973	80.114.201
Ríkissjóður, bundin innlán		26.814.835	33.085.333
Gjaldeyriseikningar.....		864.722	3.459.663
Gengisbundið skuldabréf.....	8	88.990.036	93.775.409
Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar.....		536.006	567.120
		<hr/>	<hr/>
		211.176.572	211.001.726
<i>Aðrar skuldir</i>			
Skuld vegna framlags til ríkissjóðs.....		2.337.552	15.985
Ýmsir aðilar		1.036.091	677.513
Lífeyrisskuldbindingar	7	320.719	357.541
		<hr/>	<hr/>
		3.694.362	1.051.039
		<hr/>	<hr/>
	Innlendar skuldir	384.143.128	271.682.532
Eigið fé			
Stofnfé		57.501.000	13.501.000
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		4.990.681	4.990.681
Annað eigið fé		28.511.560	29.735.116
		<hr/>	<hr/>
	Eigið fé	91.003.241	48.226.797
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé		476.858.503	321.783.578
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
Ábyrgðarskuldbindingar.....	12		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2007

REKSTRARHREYFINGAR:	Skýringar	2007	2006
Hagnaður (tap) ársins		(1.223.557)	11.856.993
<i>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:</i>			
Afskriftir fastafjármuna	4	87.710	90.246
Gengismunur eigna og skulda	1	4.321.437	(5.302.678)
Gengismunur af sjóðstöðu		1.577.225	(6.522.344)
Matsbreyting langtímaláns	1	(1.801.665)	–
Ýmsar matsbreytingar eigna og skulda		(1.263.634)	(169.074)
<i>Breyting rekstartengdra eigna og skulda</i>		<u>2.837.936</u>	<u>(1.900.761)</u>
		<u>4.535.452</u>	<u>(1.947.618)</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Lán gegn veði (hækkun)		(155.781.425)	(59.094.674)
Daglán (hækkun)		(4.101.698)	–
Keyptir rekstrarfjármunir		(100.617)	(24.634)
Afborganir af verðbréfum		234.209	506.205
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða		(47.419.630)	(82.116.280)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða		22.910.830	16.366.439
		<u>(184.258.331)</u>	<u>(124.362.944)</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Innborgað stofnframlag	11	44.000.000	–
Sedlar og mynt í umferð, hækkun		1.341.145	1.310.592
Bundin innlán ríkissjóðs, (lækkun)		(6.100.000)	–
Innstæðubréf, (lækkun)		(1.777.253)	(516.885)
Tekið gengisbundið lán hjá ríkissjóði		–	89.034.459
Aukning innstæðna innlánsstofnana		110.196.756	11.239.049
Aukning innstæðna ríkissjóðs		11.338.297	39.321.739
		<u>158.998.945</u>	<u>140.388.954</u>
BREYTING Á HANDBÆRU FÉ:			
Hækkun (lækkun) á erlendum bankainnstæðum á árinu		(20.723.934)	14.078.392
Gengismunur af bankainnstæðum		(1.577.225)	6.522.344
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		41.649.443	21.048.707
Erlendar bankainnstæður í árslok		<u>19.348.284</u>	<u>41.649.443</u>

